

3

# ORÐ SPOR

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla



# Lestrarráð!

## **Kæri nemandi,**

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur. Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- Skoðaðu bókina vel, myndir, kort og gröf.
- Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- Um hvað fjallar bókin?
- Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- Finndu aðalatriðin.
- Skrifaðu hjá þér minnispunkta.
- Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- Spyrðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- Rifjaðu upp það sem þú last.
- Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.

# ORÐSPOR 3



## Efnisyfirlit

**4** Allt er þegar  
þrennt er!

**6** Hækkaðu röddina!

**7** Það er kúnst að tjá sig ...  
þannig að aðrir hlusti

**8** Framsagnarskóli Grínhildar

**13** Rökræður

**18** Málfarsmolinn

**20** Heimborgarar

**22** Pennavinir

**24** Lestu Evrópusögur!

**26** Geggjað slamm hjá þér

**27** Hvað er ljóðaslamm?

**29** Aftur að ljóðaslammi...

**36** Aftur til fortíðar

**37** Þekking á fortíðinni er góður  
undirbúningur fyrir framtíðina

**38** Fræði – Æði – Lestrartækni

**44** Fróðlegir fornleifafræðingar

**48** Ritgerð um ritgerð

**32** Lestu ljóðabækur

**34** Stafsetningarsjónaukinn

**56** Læsi og lesfimi

**57** Læsi er alls konar

**58** Æfum lesfimi

**52** Lestu sögur frá fornu fari

**54** Ísland, gamla Ísland

**64** Jón Ragnar Jónsson  
er læs fyrirmynd

**66** Málfarsmolinn

**68** Lestu um nornir

**70** Eru Grimmsævintýrin grimm?

**71** Hvað eru Grimmsævintýri?

**73** Sjónarhorn

**74** Tími sögunnar

**75** Ég er undir þínum áhrifum

**78** Hvar er grimmdin?

**82** Lestu epísk ævintýri

**84** Stafsetningarsjónaukinn

**86** Af máli má manninn þekkja

**87** Megi máttur tungumálsins ætíð vera með þér!

**89** Mismunandi málsnið

**92** Ertu orðfær?

**97** Hvað veistu um málfræði?

**102** Stafsetningarsjónaukinn

**104** Lestu þrælgóðar þroskasögur

**106** Malala Yousafzai er mögnuð fyrirmynd

**108** Skólanum hefur borist bréf!

**112** Heimildarmynd

**113** Málfundur

**114** Upprifjun

**118** Að leiðarlokum

**120** Heimildir

**120** Myndalisti

5. KAFLI

6. KAFLI

7. KAFLI

# Allt er þegar þrennt er!



## Málfróður mælir:

Kæri lestrarsproti.

Nú hittumst við enn og aftur. Færni þín í íslensku hefur aukist með hverju árinu og þú ert nú orðinn vel mælandi, ritandi og hugsandi nemandi. Allt stefnir í rétta átt. Sem er nú sérdeilis ljómandi gott. En hvað er þá næst á dagskrá, kannst þú að spyrja? Þú heldur ef til vill að náminu sé að mestu lokið, að þú sért orðinn fullnuma í fræðunum. En svo er nú sannarlega ekki. Því alltaf er hægt að nema meira, bæta sig og þjálf. Og það verður einmitt rauði þráður þessarar námsbókar. Það sem við eigum eftir að skemmta okkur vel saman!

### Þessi tákn áttu eftir að sjá víða um bókina:



**Hugstormur** – Í hugstormi á að fá eins margar hugmyndir og hægt er á gefnum tíma. Oftast unnið í hóp.



**Stækkunarglerið** – Hér ályktar þú, rannsakar og grúskar.



**Stýrt verkefni** – Þegar þetta merki kemur upp mun kennari leggja inn verkefni og aðstoða hópinn við að leysa það skref fyrir skref.



**Námsfélagar** – Þessi verkefni vinna tveir og tveir saman.



**Hópverkefni** – Verkefni unnið í hóp.



**Ritunarverkefni** – Hér er ætlast til að þú leysir verkefnið skriflega.



**Framsögn** – Verkefni sem eru flutt munnlega, kynningar, leikræn tjáning og virk hlustun.

## Grínhildur gantast:

Blessuð!

Gvöð, hvað það er gaman að hitta ykkur aftur! Ég var sko farin að sakna ykkar enda búin að eyða sumrinu með Málfróði í steinaskoðunarferð á hálendinu.

En, hvað er að fréttu? Eruð þið ekki hrikalega ánægð að vera byrjuð á enn einni skemmtiskruddunni úr safni Grínhildar? Ég meina, hvað í ósköpunum gæti verið betra en að eyða skóladeginum með mér? Fylgjast með mér deila hverjum fróðleiksmolanum á fætur öðrum. Springa úr hlátri yfir mínum hnyttu og léttkaldhæðnu innskotum sem gera þessa skraufpurru kennslubók að því merka bókmenntaverki sem hún er!

Allt er þetta ykkur að þakka. Öllum aðdáendabréfunum og ábendingunum sem þið senduð ritstýrunum og báðuð um að ég yrði AÐAL í bókinni.

Látið nú ekki Málfróð draga úr ykkur kjarkinn. Þið eruð orðin svo rosalega klár. Þetta íslenskunám verður eins og að drekka vatn. Passið ykkur bara á að snúa glasinu rétt!

Segið það með mér ... Túlúlú!

### Fjólubláu orðin:

Í bókinni er víða að finna **fjólublá orð**. Ef þú skilur ekki orðin er tilvalið að spyrja kennarann eða fletta upp í orðabók, hvort sem hún er prentuð eða rafræn. Þessi orð voru sett í bókina sérstaklega fyrir þá sem keppast við að auka orðaforða sinn.





## Hækkaðu röddina!

Í þessum kafla munt þú:

- kynnast mikilvægi þess að láta heyra í sér.
- fá ráð til að bæta framsögn.
- æfa þig í framsögn.
- þjálfast í rökfærslu.



Það er kúnst að **tjá** sig ...

þannig að aðrir **hlusti**

Röddin er verkfæri sem við getum notað m.a. til að tjá skoðanir okkar og tilfinningar, knúið fram breytingar og haldið ræður við ýmis tækifæri. En til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri er gott að æfa sig í framsögn. Sá sem tuldrar í hálfum hljóðum fær einfaldlega ekki sömu áheyrn og sá sem hefur upp raust sína. Það er t.d. mikill munur að hlusta á einhvern tala sem hefur æft sig í framsögn og talar með blæbrigðum en þann sem augljóslega líður illa við að standa fyrir framan hóp og tjá sig. Framsögn er eins og skrift og lestur, við verðum ekki góð í henni nema við æfum okkur.

Ég er algjör snillingur að tala.  
Ég mala, masa, ræði, mæli, held tölur,  
ræður og sumir segja að ég sé algjört  
kjaftabox þó svo að ég sé ekkert sérlega góð  
í boxi. En mér finnst ís í boxi mikið lostæti.  
Hei, hefur þú séð ís í boxi?  
Í ljósi þess að ég er snillingur í framsögn þá  
skal ég leiða þig í gegnum þennan kafla.



# Framsagnarskóli Grínhildar

## Hitum upp röddina

Já, sko. Ég legg metnað í að kenna ykkur vel. En þið þurfið líka að leggja ykkur fram um að læra! Það er alveg sama hvað kennari vandar sig mikið við kennsluna, þið þurfið að hafa vilja og áhuga til að meðtaka. Annars gerist ekki neitt. Hmmm. Já...byrjum kennslu.

Það eru tvö meginmarkmið sem við höfum í huga þegar við æfum okkur í að standa fyrir framan aðra og tala.

- Að líða vel líkamlega. Anda rólega og vera með vöðvana slaka.
- Að tala hátt og skýrt, með blæbrigðum. Blæbrigðin þurfa að vera í samræmi við orðin sem við veljum til að tjá okkur.

Þetta eru langtímamarkmiðin og til þess að ná þeim þurfum við að æfa okkur.



### Lesið þessa málsgrein í huganum:

*Þú tókst brettið mitt án þess að fá leyfi frá mér og það finnst mér dónalegt.*

Finnið ykkur námsfélaga og leysið verkefnið.

- Byrjið á að hvísla málsgreinina.
- Lesið hana síðan upphátt með inniröddinni.
- Lesið hana mjög hratt og síðan mjög hægt.



**Nú hafið þið hitað upp raddböndin.  
Þá ætlum við að skoða áherslurnar vel.**

Lesið málsgreinina með því að leggja áherslu á orðið

- þú
- mér
- mitt
- það
- án

Lesið aftur málsgreinina og leggið áherslu á öll orðin (þú, mitt, án, mér og það).

Þegar við leggjum áherslu á ákveðið orð í málsgrein er gott að reyna að lengja aðeins sérhljóðið og hafa örhlítið hik á eftir orðinu, til þess að hlustandi geti meðtekið það.

Að lokum ætlið þið að skoða hvernig mismunandi tilfinning getur breytt upplifun hlustanda á málsgreininni.

- Lesið málsgreinina eins og hún sé mjög sorgleg.
- Lesið hana eins og hún sé mjög spennandi og hálf ógnvekjandi.
- Lesið hana eins og hún sé fyndin og skemmtileg.






Á hverju ári hefst Stóra upplestrakeppnin á degi íslenskrar tungu. Nemendur í 7. bekk um allt land æfa sig í upplestri þar til skólakeppnin er haldin í lok febrúar. Kalla má keppnina uppskeruhátíð þar sem allir sýna hvað þeir hafa tekið miklum framförum. Valdír eru allt að þrír keppendur til að keppa fyrir hönd skólans í héraðskeppninni sem fer venjulega fram í mars.

## Líkamsstaða

Nú skuluð þið standa á fætur og skoða líkamsstöðuna. Þetta er alls ekki eins flókið eins og fimleikaæfingar og balletstöður en samt skiptir máli hvernig líkamsstaðan er þegar við **höldum tölu**. Hafa skal í huga fjögur einföld atriði.

1. **SNÚA FRAM.** Fyrst og fremst skiptir gríðarlega miklu máli að sá sem talar snúi sér að áheyrandanum. Það þykir ekki smart að láta áheyrendur horfa á bakhlutann á sér og svo berst röddin betur til fólks ef höfuðið snýr að því.
2. **STANDA Í BÁÐA FÆTUR.** Finna góða stöðu fyrir fæturna, án þess að læsa hnjúnum. Sumum finnst töff að skjóta mjöðminni út til hægri eða vinstri en við mælskusnillingarnir mælum alls ekki með því. Eins er frábært að telja taktinn með öðrum fæti þegar hlustað er á tónlist eða dilla sér í lendunum en það er ekki snjöll hugmynd þegar við höldum tölu. Allar fótahreyfingar draga athyglina frá því sem við erum að segja. Þess vegna er betra að hreyfa fæturna sem minnst.
3. **TALA MEÐ HÖNDUNUM EÐA ÞEGJA MEÐ ÞEIM.** Sumar þjóðir eru þekktar fyrir málæði með höndunum. Ég á vinkonu frá Ítalíu, sem gæti örugglega ekki talað ef hún handleggsbrotnaði á báðum höndum. Ef þið notið hendurnar þá skuluð þið gera það til að leggja áherslu á það sem þið segið. Óþarft handapat dregur athyglina frá orðunum og svo er alveg bannað að nota hendurnar til að klóra sér í eyrunum eða bora í nefið. A.m.k. rétt á meðan maður stendur fyrir framan fólk og talar. Mörgum finnst gott að leyfa höndunum að liggja niður með síðum eða leggja þær á púltið, sé það við höndina.
4. **NÁ AUGNSAMBANDI VIÐ ÁHEYRENDUR.** Best er að tala blaðlaust til að halda athygli þeirra sem hlusta. Næstbest er að vera með lykilorð á blaði og rétt líta á það þegar nauðsynlegt er. Verst er að lesa beint upp af blaði og gleyma því að einhverjir sitji fyrir framan ykkur. Sumum finnst óþægilegt að horfa í augu annarra. Þá er gott ráð að horfa á enni eða á punkt aðeins fyrir ofan höfuð áheyranda.

Að halda tölu þýðir það sama og að halda ræðu eða erindi. Hvaðan skyldi orðið tala vera komið í þessu samhengi?





Nú ætlar þú að æfa líkamsstöðuna og halda stutta kynningu. Þegar röðin kemur að þér stendur þú upp fyrir framan bekkjarfélagana og kynnist þig með því að segja:

- Nafn og ef þú átt gælunafn.
- Aldur og afmælisdag.
- Hvert langar þig að ferðast og af hverju?

**MUNDU AÐ:**  
 Snúa fram.  
 Standa kyrr í báða fætur.  
 Takmarka handapöt.  
 Ná augnsambandi.

## Raddstyrkur og blæbrigði

Góður raddstyrkur skiptir miklu máli. Ekki þýðir að hvísla orðin þegar þið reynið að ná athygli áheyrenda. Það er líka mjög óþægilegt að hlusta á einhvern sem nánast æpir upp heilu ræðurnar.

Einnig er mikilvægt að lesa skýrt og á góðum hraða. Sá sem muldrar eða les mjög hratt skilar orðunum illa til áheyrenda.

Hér að framan æfðuð þið ykkur í að lesa málsgrein með áherslu á ólík orð. Það er nauðsynlegt að röddin sýni blæbrigði þegar maður heldur tölu. Enginn nennir að hlusta á þann sem talar eintóna. Hvað þýðir það? Jú, gullin mín að tala eintóna er að tala í sama tóni. Líkt og ef einhver myndi semja lag sem væri frá upphafi til enda einn og sami tónninn. Það myndi sko enginn nenna að hlusta á það heldur! Skiljið þið?

Sko snillingarnir mínir, þetta er allt að koma hjá ykkur. Þá er bara lokahnykkurinn eftir!

Psssst, nú er tilvalið að segjast ekki skilja (þó svo að þið skiljið) og fá kennara ykkar til að taka dæmi. Bráðskemmtilegt atriði alveg hreint.





Lesið nokkrum sinnum yfir ljóðið *Að setja mark sitt á lífið*. Finnið tilfinninguna í því og reynið að leggja það á minnið. Flytjið það fyrir námsfélaga ykkar, reynið að líta sem minnst í bókina og flytja ljóðið – ekki lesa það.

- Sýnið blæbrigði og reynið fyrst og fremst að ná tilfinningunni út úr orðunum.
- Hugsið að raddstyrk. Spyrjið námsfélagann hvort þið lesið of hátt/lágt.
- Hugsið að lestrarhraða. Spyrjið námsfélagann hvort þið lesið of hratt/hægt.
- Hugsið að skýrleika. Spyrjið námsfélagann hvort þið lesið skýrt.



### Að setja mark sitt á lífið

hvíthærða konan  
sem tók sér örlitla hvíld  
frá dauðastríðinu  
til að beygja sig mót jörðu  
og hnoða 1 stk. snjóbolta

öðlaðist algjörlega óafvitandi  
eilíft líf  
þegar hún gerði heiðvirða tilraun  
til að hitta í mark  
grárra andlita  
okkar í strætisvagninum  
Steinar Bragi

Æfingin skapar meistarann!  
Það besta við að vera góður í  
framsögn er að þá hættir manni  
að finnast það mjög erfitt  
eða mikið mál að standa fyrir  
framan aðra og tala.

Mundu að það skiptir máli að:

- Æfa sig vel og vera undirbúinn.
- Hugsa um líkamsstöðu.
- Hugsa um raddstyrkinn, skýrleika og hraða.
- Tala með blæbrigðum.
- Muna eftir áheyrendum og líta upp.
- Njóta þess að hafa orðið.

## Rökræður

Það er stórmunur á því að **RÖKRÆÐA** og að **RÍFAST**. Við höfum ólíkar skoðanir á mörgum hlutum og það væri í raun óeðlilegt ef allir eru sammála, alltaf. Þegar fólk rökræðir skiptir miklu máli að hlusta líka á rök hinna. Sá sem ekki hlustar á rök þess sem hann rökræðir við lendir fljótt í ógöngum.

Þegar við finnum rök erum við ekki bara að segja HVÆÐ okkur finnst heldur HVERS VEGNA.

Að geta sagt skoðun sína er mikilvægt. Á Íslandi er **tjáningarfrelsi**. Það þýðir að við höfum rétt til að segja okkar skoðun innan þeirra marka sem lög setja. Lögin segja t.d. að við megum hafa skoðanir og tjá þær án þess þó að eyðileggja **mannorð** annarra.

### Mikilvægt er að fara í boltann en ekki manninn!

Það skiptir gríðarlega miklu máli í rökræðum að hafa áhersluna á málefnið sjálft en ekki þann sem þú rökræðir við. Að hætta að tala um málefnið og fara að rakka niður viðmælandann er jafn mikið brot og að **rennitækla** leikmann í fótboltaleik án þess að reyna að ná af honum boltanum. Algjörlega tilgangslaust fyrir leikinn en getur valdið manneskjunni stórskaða.

Segjum sem svo að þig langi í nýjan síma. Síminn þinn er ekki ónýtur og foreldri þitt sér enga ástæðu fyrir símakaupum. Þú þarft að rökræða við foreldrið til að það sjái þína hlið á málinu. Fyrst reynir þú að koma með rök sem þér finnst góð. Foreldrið er enn ósammála og á lokaorðið þar sem þú ert ekki sjálfráða.



Þá eru nokkrir kostir í stöðunni:

- a) Þú settir þig við að fá ekki nýjan síma.
- b) Þú **saltar** málið en heldur áfram að safna rökum til að sannfæra foreldrið síðar.
- c) Þú gætir fundið málamiðlun og samið t.d. um að borga hluta af símanum úr eigin vasa.
- d) Þú tryllist og kallar foreldri þitt öllum illum nöfnum.

**Valkostur d er vonlaus. Þú færð ekki það sem þú vilt og þú hefur sært foreldri þitt. Rökin dugðu ekki til og þú tæklaðir manneskjuna, ekki boltann.**

Þetta er eins í rökræðum. Þú rökræðir um ákveðið málefni. Í lok rökræðanna áttu fjóra valkosti.

- a) Skiptir um skoðun og sérð að hin hliðin á málinu er alveg jafn góð eða jafnvel betri.
- b) Þú ert enn sannfærð/ur um málstað þinn en þarft að bæta rök þín til að sannfæra aðra.
- c) Þú reynir að finna málamiðlun með þeim sem þú rökræðir við.
- d) Þú hjólar í þann sem er ósammála þér og rakkar hann niður.

**Við sjáum öll að valkostur d er alltaf út úr korti, bjánalegur og engum til framdráttar.**



## Undirbúðu rökræður

Æfðu þig í að byggja upp rökræður. Gott er að hafa í huga fjögur skref þegar þú undirbýrð þig. Kallaðu þann sem þú rökræðir við **andstæðing** þinn.

1. Taktu afstöðu í ákveðnu máli. Ert þú sammála eða ósammála?
2. Skrifðu niður eins mörg rök og þú finnur til að styðja skoðun þína.
3. Skoðaðu rökin þín og reyndu að finna út hver þeirra eru slök. Slök rök eru þau sem andstæðingur þinn getur **andmælt** og **skotið í kaf**. Strikaðu út öll slök rök.
4. Skrifðu niður hvaða rök þú gætir mögulega heyrt frá andstæðingi þínum og finndu **mótrök**.

Hér eru nokkrar hugmyndir að umræðuefnum sem þið getið skoðað:

- Það á að leggja niður jólafrí í skólum.
- Allir eldri en 12 ára eiga að fá að taka bílpróf.
- Fullorðnir á heimilinu eiga alltaf að ráða hvað er í matinn.
- Það er nauðsynlegt að fara í sturtu á hverjum degi.

Mótrök eru rök gegn þínum rökum. Þegar andstæðingur er ósammála þínum rökum og getur rökstutt af hverju.



### Hlustaðu á andstæðinginn

Framar í kaflanum er komið inn á mikilvægi þess að hlusta á rök andstæðingsins. Sá sem ekki hlustar á mótrök verður aldrei sterkur í rökræðum. Það er ekki bara sá sem hefur orðið sem hefur hlutverk. Þeir sem hlusta þurfa að einbeita sér að því sem sagt er til að reyna að finna mótrök.

Það er mikilvægt að sýna rökum annarra virðingu. Þið eruð kannski ekki sammála en það er dónaskapur að ranghvolfa augunum, hunsa eða púa niður annarra rök. Því hver veit, ef þið hlustið af virðingu og með opnum hug á annarra manna rök þá eru meiri líkur á því að hægt sé að komast að **málamiðlun**. Þá er komið til móts við allar skoðanir og allir vinna!

Spreytið ykkur!



#### Rökræður

Beknum er skipt upp í hópa. Hópa fjöldinn verður að vera slétt tala, því tveir og tveir hópar vinna saman þegar líður á verkefnið.



1

**Undirbúningur**

1. Málefnið er: **Samfélagsmiðlar eiga að vera lokaðir öllum yngri en 18 ára.**

Kennarinn tilkynnir ykkur hvort ykkar hópur er með eða á móti málefninu. Seinna hittið þið hóp sem er á **öndverðum meiði**.

2. Skrifid niður rök til að útskýra ykkar skoðun.

**Með:** Af hverju eiga yngri en 18 ára ekki að vera á samfélagsmiðlum?

**Móti:** Af hverju eiga þeir að vera þar?

3. Skoðið rökin og reynið að finna út hver þeirra eru slök. Strikið þau út.
4. Skrifid niður hvaða rök þið gætuð heyrt frá andstæðingi ykkar og reynið að finna mótrök.

2

**Hittið hóp sem er ósammála ykkur**

1. Skiptist á að kynna ykkar rök. Hópurinn sem er sammála málefninu byrjar að kynna sín rök. Hópurinn sem er á móti málefninu tekur svo við.
2. Hlustið vel á rök hins hópsins, punktið niður lykilorð til að muna hver þau eru.
3. Þakkið hinum hópnum fyrir rökin og ákveðið að hittast aftur eftir 5–10 mínútur.

3

**Vinnið úr mótrökunum**

1. Hver hópur vinnur úr mótrökunum. Hver eru góð og hver eru slakari?
2. Berið þau saman við ykkar upprunalegu rök. Komu mótrök sem fella ykkar rök? Ef svo er þá eru þau orðin slök rök og ættu að strikast út.
3. Lesið yfir þau rök sem standa eftir og komið með tillögu að málamiðlum. Hvaða lausn finnið þið þar sem allir vinna?

4

**Hittið sama hópinn og þið hittuð áðan**

1. Kynnið ykkar málamiðlum og hlustið á þeirra.
2. Geta hóparnir komist að sameiginlegri niðurstöðu?  
**Já** – Hver er hún?  
**Nei** – Af hverju tókst það ekki?
3. Sýnið kennara þá málamiðlum sem þið funduð og hvort tekist hafi í sameiningu að komast að niðurstöðu sem hentar báðum skoðunum.

# Málfarsmolinn

# Málfarsmolinn

## Málfarsmolinn

### Talmál er allt önnur Ella en ritmál!

Við getum flest verið sammála um að við tölum ekki eins og við skrifum.  
Ertu ekki sammála? Skoðum þessi fjögur atriði sem eru bara nokkur dæmi um mismuninn á talmáli og rituðu máli:

**Í ritmáli reynir þú að forðast slangur**  
Þú segir kannski að eitthvað sé hellað, illað, nett og grúví en þú myndir velja orð í ritgerðir sem úreldast ekki eins hratt og slangur á til að gera. Það notar líkast til enginn í dag þessi slangurorð hér að ofan í samtölum við vini sína!


#### Í talmáli velur þú óformlegri orð

Á meðan þú myndir nota strætó, bara, mamma og soldið í samtölum við vini þína myndir þú skrifa strætisvagn, aðeins, móðir og svolítið í ritgerð.



### Í ritmáli notar þú alltaf heilar málsgreinar

Í ritmáli þarft þú að skrifa fulla hugsun og gæta þess að byrja og enda málsgreinar til að lesandi skilji þig. Í talmáli getur þú sagt: „Hann alveg bara ...“ og sá sem þú talar við skilur hvað þú meinar t.d. af því að þú notar ákveðinn tón eða sýnir svipbrigði.



### Í talmáli hendir þú gjarnan inn hikorðum

Þegar þú talar notar þú hikorð til að kaupa þér tíma til að hugsa. Hikorð eru t.d. hmm, sko, þú veist, hérna, þarna. Þessum orðum sleppir þú í ritmáli.



Finndu þér námsfélaga. Spjallið saman í 5 mínútur og segið t.d. frá kvikmynd sem þið hafið nýlega séð, bók sem þið hafið lesið eða hvað þið gerðuð um síðustu helgi. Á meðan þið spjallið saman punktið niður hjá ykkur þau hikorð sem félagi ykkar notar.

**Síðar í þessari bók verða hugtökin talmál og ritmál skoðuð nánar. Spennast magnast ...**

# HEIMSBORGARAR

## Emilia og Aung



Fyrir ári síðan byrjaði Emilia að skrifast á við Aung. Emilia býr á Spáni og Aung á Írlandi. Enskukennarar þeirra kynntust á námskeiði sem var hluti af ráðstefnu fyrir kennara í Evrópu. Þeir ákváðu að nemendur í bekkjunum þeirra yrðu pennavinir.

## KYNNUMST ÞEIM AÐEINS



**NAFN:** Aung.

**ALDUR:** 12 ára.

**LAND:** Ég fæddist í Burma en kom til Írlands með fjölskyldu minni fimm ára gamall. Fjölskyldan mín flúði ófrið í landinu og við dvöldum í flóttamannabúðum í Bangladess áður en við komum hingað til Írlands.

**ÁHUGAMÁL:** Námið í skólanum og vera með vinum mínum. Ég æfi fótbolta, horfi á kvikmyndir og les bækur.

**MIG DREYMR UM:** Að spila með landsliðinu á stórmóti, að hitta ömmu mína sem býr í Burma og að losna við bóluna á nefinu á mér fyrir skólaballið í næstu viku.

**MÉR FINNST ÉG VERA:** Ótrúlega hress og skemmtilegur strákur. Góður og traustur vinur.



**NAFN:** Emilia.

**ALDUR:** 12 ára.

**LAND:** Spánn.

**ÁHUGAMÁL:** Ég æfi flamenco dans og borðtennis. Ég fíla teiknimyndasögur, tónlist og kvikmyndir. Fara á ströndina og svo eru vinkonur mínar líka áhugamálið mitt. Því þær eru svo frábærar.

**MIG DREYMR UM:** Að komast í góðan dansflokk og ferðast um landið og jafnvel til annarra landa. Mig dreymir líka um að að læra myndlist og geta samið mínar eigin teiknimyndasögur. Svo væri frábært að komast í flugferð út í geim og sjá jörðina eins og bláan hnött.

**MÉR FINNST ÉG VERA:** Dugleg og sterk. Fyndin og traust vinkona.

## Pennavinir

Emilia er alltaf spennit þegar hún sér enskukennarann koma með þykkt, brúnt umslag inn í tíma. Hún veit að þá eru komin bréf frá Írlandi. Í dag er einmitt slíkur dagur.

Hún bíður óróleg á meðan kennarinn dreifir umslögum til nemenda og þekkir strax skriftina hans Aung þegar hún tekur við umslagi.



Sæl Emilia.

Takk fyrir bréfið. Það er alltaf gaman að heyrna hvað þú ert að bralla.


Manstu að ég sagði þér frá því að við hefðum komist í úrslit í okkar aldursflokk? Jája, heldurðu að við höfum ekki bara tekið hitt liðið í nefið! Leikurinn fór 3-1 og ég átti eina stoðsendingu 😊 Þú mátt því ávarpa mig sem meistara Aung í næsta bréfi. Djók.

Ég fór á ströndina um síðustu helgi. Við keyrðum í klukkustund en ég get ímyndað mér að þetta hafi ekki verið eins og á Spáni. Það voru allir kappklæddir, því það var svo kalt úti. Við vorum ekki með trefla og húfur sko en enginn sprangaði um á bikini eða stuttbuxum heldur. Mér fannst gaman að spila fótbolta í sandinum, leggjast á teppi með bók og borða nesti.

Hvernig gekk þér á danssýningunni?

Bestu kveðjur og ég hlakka til að fá bréf frá þér.

Þinn vinur, Aung.





Meistari Aung ☺

Til hamingju með sigurinn og titilinn. Þið eigið hann svo vel skilið enda duglegir að æfa.

Ég fékk nýjan flamenco kjól fyrir danssýninguna. Hann er grænn með hvítum doppum. Mjög flottur. Öll nýju sporin, sem ég var að æfa og stressa mig á í síðasta bréfi, smullu á sýningunni og ég get því ekki annað en verið rosalega sátt.

Um næstu helgi fer ég með æfingafélögum mínum á borðtennis-mót í Sevilla. Fyrst áttum við að taka rútu þangað en foreldrar okkar ákváðu, í samráði við þjálfarann, að splæsa í flug.

Sem betur fer, mér finnst mjög leiðinlegt að sitja lengi í rútu.

Þú skrifaðir ekkert í þessu bréfi um skólaballið sem þú varst svo spenntur fyrir. Dansaðir þú við Mary? Ég er mjög spennt að heyra framhaldið. ☺

Bestu kveðjur héðan úr sólinni,

þín vinkona Emilia.



Finnið Írland og Spán á landakorti.

Hafið þið ferðast til þessara landa? Ef svo er, hvað stóð upp úr? Ef þið hafið ekki farið, mynduð þið vilja heimsækja löndin? Af hverju? Af hverju ekki? Hvað vitið þið um þessi lönd?

Finnið á landakorti hvar löndin Burma og Bangladess eru.

Í hvaða heimsálfu eru þessi lönd?

Skoðið hvaða lönd eiga landamæri að þeim. Vitið þið eitthvað um þau?

Hvað langar ykkur að vita um þau?

Hvernig kæmumst við frá Íslandi til þessara landa?

Ímyndaðu þér að þú ættir pennavin og skrifaðu honum bréf þar sem þú segir honum frá sjálfri/sjálfum þér.

# Lestu EVRÓPUSÖGUR!

## *Á puttanum með pabba*



Höfundar: Kolbrún Anna Björnsdóttir og Vala Þórsdóttir

„Systkinin Sonja og Frikki eiga ítalskan pabba sem þau eru alltaf hjá á sumrin. Bókin byrjar á ferðalaginu frá Íslandi til Siracusa, sem er á Sikiley. Planið er að verja öllu sumrinu þar en pabbi þeirra, sem er leikari, er kallaður í verkefni á Spáni. Systkinin verða því að fara aftur til Íslands, nema mamma þeirra svarar ekki símanum. Þá hefst bráðskemmtilegt ferðalag um Ísland að leita að mömmunni. Ég var fljótur að lesa bókina og fannst hún fin.“

Baldur Dalí, 13 ára.

## *Ég er ekki dramadrottning – Raunir Emblu Þorvarðardóttur*

Höfundur: Sif Sigmarsdóttir

„Þegar Embla klárar 8. bekk tilkynnir mamma hennar að fjölskyldan flytji til London um haustið. Embla trompast og vill ekki flytja frá vinum og stráknum sem hún er skotin í, sem veit varla að hún er til. Fjölskyldan fer út í mánuð til að skoða borgina. Embla ákveður að gera allt til að fjölskyldan hætti við að flytja þangað. Mér fannst bókinn skemmtileg og var fljót að lesa hana. Höfundurinn skrifaði framhald sem ég mun lesa næst.“

Ragna, 12 ára.




## Fjár sjóðsleit í Granada


Höfundur: Ólafur Páll Jónsson

„Halla flytur með foreldrum sínum til Spánar. Mér fannst gaman hvernig Halla upplifir skólann úti og að höfundurinn notar spænsk orð. T.d. þýðir spænska orðið kaka, kúkur. Það er fyndið. Pabbi Höllu segir henni frá Márum og að þeir hafi skilið fjársjóð eftir í borginni sem er ófundinn. Halla ákveður að finna fjársjóðinn og eins og titill bókarinnar sýnir þá fjallar hún að mestu um þessa fjársjóðsleit. Finnur hún fjársjóðinn? Tja, bara ein leið til að finna það út ...lesa! ☺“

Unnsteinn, 13 ára.



## Kossar og ólífur



Höfundur: Jónína Leósdóttir

„Anna er nýútskrifuð úr grunnskóla. Hún fær flugmiða til Englands í afmælisgjöf og þær fréttir að hún eigi að vinna á gistiheimili, sem bresk frænka hennar á, allt sumarið. Önnu langar ekkert að fara enda nýbyrjuð með strák. Hún fer þó og gerist sagan að mestu í Brighton. Anna tekst á við margt nýtt, kynnist nýju fólki auk þess að kynnast sjálfri sér. Það er ekki laust við að bókin skilji eftir áhuga á því að prófa að búa í öðru landi eitt sumar.“

Hekla Dís, 13 ára.

Ef þú mættir velja að lesa bók sem gerist í einhverju Evrópulandi, hvaða land myndir þú velja? Af hverju það land?



# Lestu sögur sem gerast í Evrópu!



## Geggjað slamm hjá þér

Í þessum kafla munt þú:

- læra hvað ljóðaslamm er.
- sjá hvernig það tengist þulum og rappi.
- láta á það reyna að setja saman ljóðaslamm.

## Hvað er ljóðaslamm?

Framar í þessari bók æfðum við okkur í framsögn. Núna ætlum við að að læra eitt **tjáningarform** sem kallast ljóðaslamm. Hvað er nú það? Góð spurning. Ljóðaslamm snýst um flutning **frumsamins** ljóðs. Skáldið notar gjarnan tónlist, myndefni, hljóð, dans, leiklist og fleira þegar það flytur ljóðið líkt og **gjörning**.

Orðið ljóðaslamm er líka notað yfir það þegar mörg skáld koma saman og flytja verk sín fyrir áheyrendur. Yfirleitt keppa skáldin sín á milli um **hylli** áheyrenda og jafnvel dómara. Verkin eru venjulega um 3–5 mínútna löng og eru ýmist flutt af einstaklingi eða litlum hóp.

Ljóðaslamm er árlegur viðburður á Borgarbókasafni. Fyrsta keppnin var árið 2008 og á hverju ári er ákveðið þema sem verkin eiga að falla undir. Dæmi um þemu eru: Spenna, hrollur, væmni, myrkur, af öllu hjarta og sykur. Á heimasíðu safnsins er hægt að finna myndbönd af þeim atriðum sem dómnefndin hafði **velþóknun** á síðustu ár.

Orðið ljóðaslamm er þýðing enska orðsins *poetry slam*. Slam gætum við líka þýtt sem skellur. Þætti þér orðið ljóðaskellur betra en ljóðaslamm? Af hverju? Af hverju ekki?

## Þulur

Kíkjum í kistu fortíðar. Þar finnum við kveðskap sem kallast þulur. Þulur gengu á milli manna. Þær eru langar orðarunur og hafa oftast endarím. Þulur voru afþreying og dægurstytting hér áður fyrr. Þær voru þess tíma kvikmyndir, bækur, tölvuleikir og spil. Þegar einhver fór með þulu, sátu aðrir og hlustuðu.

Theódóra Thoroddsen orti margar þulur og þið þekkið örugglega nokkrar af þeim frá því að þið voruð á leikskólaaldri. Skoðið til dæmis byrjunina á þessari þulu:

### Tunglið, tunglið taktu mig


Tunglið tunglið taktu mig  
og berðu mig upp til skýja.  
Hugurinn ber mig hálf leið  
í heimana nýja.

Mun þar vera margt að sjá  
mörgu hefurðu sagt mér frá,  
þegar þú leiðst um loftin blá  
og leist til mín um rifinn skjá.  
Komdu, litla lipurtá  
langi þig að heyra.

Hvað mig dreymdi, hvað ég sá  
og kannski sitthvað fleira.

**Ljáðu mér eyra.**

*Theódóra Thoroddsen*



Skoðið á netinu og/eða  
í bókum fleiri þulur.  
Finnið þulu sem ykkur  
finnst vera barnaleg.  
Finnið einnig þulu sem  
ykkur líkar við. Af hverju  
höfðar hún til ykkar?

## Aftur að ljóðaslammum ...

Ljóðaslamm er líka flutningur orðaruna. Líkt og með þulurnar nýta skáld oft endarím og línurnar eru ekki allar jafn langar, með jafn mörg atkvæði. Takturinn má breytast. Ljóðaslammari nýtir sér oft takt eða tónlist að sama skapi og rapparar gera. Textinn í ljóðaslammum getur innihaldið slettur og slangur og fjallað um það sem gerist á líðandi stundu, verið ádeila á eitthvað í þjóðfélaginu. En hann getur líka verið nýttur í stað tækifærissæðu, eins og við afmæli, brúðkaup eða fermingu.

### Ljóðaslamm Grínhildar

Fyrir mörgum árum fæddist Málfróður  
eldrauður, sköllóttur, grenjandi og óður  
sýndi fljótt að hann er ýkt góður  
í málfræði, **algebru**, sögu og þýsku  
þrátt fyrir að vera ekki beint í tísku.  
Hans helsta **lán**  
var að verða nítján  
þá var ég bara þrettán  
því þá hitti hann mig  
og kurteislega hann kynnti sig.  
Í öll þessi ár  
hefur hann notið þess hvað ég er klár  
falleg, fyndin og með glansandi hár  
enda erum við algjörir perluvínir  
og hegðum okkur ekki alltaf eins og hinir  
en fjölbreytni er dásamleg  
og ég svo sniðug, snjöll og frumleg.  
Það besta við Málfróð er klárlega það  
hversu oft karlanginn fer í froðubað  
djók – hann er algjört yndi  
þótt endahnút ég hér bindi.





## Elsku stelpur

Hæfileikakeppni grunnskólanemenda í Reykjavík heitir Skrekkur. Í keppninni árið 2015 komu, sáu og sigruðu stelpur úr Hagaskóla. Þær fluttu ljóð og nýttu tónlist og dans við flutninginn. Atriðið þeirra má vel flokka sem ljóðaslamm. Ljóðið var innblásið kröfu um jafnrétti kynjanna og athygli vakti að þær þrjár sem fóru með textann voru íklæddar

rauðum sokkum. Það er vísun í svokallaðar rauðsokkur. Óhætt er að segja að atriðið hafi vakið athygli og tendrað jafnréttislogann í mörgum hjörtum. Stígamót veittu stelpunum réttlætisviðurkenningu árið 2015 og sögðu við það tilefni: „Elsku stelpur, áfram með ykkur! Við dáumst að ykkur og hvetjum ykkur til dáða.“



Rauðsokkahreyfingin  
 barðist meðal annars fyrir  
 bættum kjörum kvenna á  
 vinnumarkaðinum.  
 Af hverju skyldu þær hafa  
 valið rauða sokka?  
 Finnst þér þurfa sambærilega  
 hreyfingu fyrir karlmenn?  
 Af hverju? Af hverju ekki?



## Slömmum saman!

Finnið ykkur 2–4 námsfélaga.  
 Semjið ljóðaslamm sem tekur um 3 mínútur í flutningi.  
 Æfið ykkur vel. Munið að það má nota tónlist, hreyfingar,  
 hljóð, leiklist o.fl. til að krydda flutninginn.  
 Flytjið ljóðaslammiið fyrir bekkjarfélaga ykkar.

Hlustaðu vel á flutning bekkjarfélaga þinna.  
 Hældu hópnum fyrir eitthvað  
 sem þér fannst vel gert.  
 Það getur tengst textanum eða flutningnum.

**Hlustaðu**

# Lestu LJÓÐABÆKUR

## Ljóð unga fólksins



„Ótrúlega sniðug ljóðabók með flottum ljóðum eftir börn og unglinga. Í fyrri hluta bókarinnar eru ljóð eftir 9 til 12 ára og í seinni hluta eru ljóð eftir unglinga frá 13 til 16 ára.


Ljóðin voru send inn í ljóðasamkeppni sem öll grunnskólabörn á Íslandi gátu tekið þátt í. Eftir að hafa lesið bókina vaknaði hjá mér áhugi fyrir að yrkja sjálf ljóð.“

Lára Rós, 12 ára.

## Það er komin halastjarna

„Ég valdi bókina *Það er komin halastjarna* því mér fannst kápamyndin myndin. Í bókinni eru ljóð frá öllum Norðurlöndunum. Frá Íslandi eru ljóð eftir Þórarín Eldjárn. Teiknarar myndskreyta hverja opnu við texta ljóðsins. Sigrún Eldjárn myndskreytti ljóð bróður síns. Bókin er mjög fjölbreytt því ljóðskáldin og teiknarar eru margir.“

Kári Aldan, 12 ára.



## Vísur fyrir vonda krakka

Höfundur: Davíð Þór Jónsson

„Ótrúlega fyndin ljóð sem koma á óvart. Í flestum ljóðunum er kaldhæðni og svartur húmor sem ég fíla. Það er endarím í ljóðunum en samt notar Davíð Þór alls kyns bragarhætti þannig að bókin er ekki öll í sama takti, ef þú skilur hvað ég meina. Ekki kannski fyrir viðkvæmar sálir eða þá sem móðgast auðveldlega.“

Vaka Sól, 12 ára.



## Bland í poka af gömlum og góðum

„Ég fann ljóðabækur í bókaskáp foreldra minna. Sumar þeirra voru gjöf frá þeirra foreldrum. Sem sagt gamalt og eldgamalt stöff ☺. Mörg ljóðin fjalla um náttúruna og að við eigum að elska Ísland. Kannski vildu skáldin ýta undir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, landið var ekki sjálfstætt þegar sum ljóðin voru skrifuð. Ég las líka mörg ástarljóð og ljóð sem fjalla um söknuð og heimþrá. Ég hvet þig til að kíkja í bóka-hillurnar heima hjá þér og á bókasöfnum og glugga í gamlar ljóðabækur.“

Úlfur, 13 ára

Skoðuðu ljóðabækur. Veldu þér eina sem er þér að skapi og svaraðu eftirfarandi spurningum.

- Hvernig finnst þér titill og kápa bókarinnar?
- Hver er höfundur bókarinnar?
- Er bókin myndskreytt? Ef svo er, hvernig finnst þér myndirnar?
- Eru ljóðin hefðbundin eða óhefðbundin?


Veldu þér eitt ljóð og skrifaðu það annaðhvort niður eða lýstu í nokkrum málsgreinum um hvað það er.



Hver er munurinn á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum?

## Ljóðabækur!

# Stafsetningarsjónaukinn



## Um greinarmerki

Greinarmerki eru tákn sem notuð eru í texta til að

- gera hann skiljanlegri.
- afmarka málsgreinar.
- gefa til kynna spurningu.
- auðvelda lestur með því að gefa til kynna hik, þagnir og áherslur.

## Punktur

Punkt skal nota

- í lok málsgreinar.

*Dæmi: Þetta er dæmi um málsgrein sem endar á punkti.*

- á eftir raðtölu.

*Dæmi: Ég á afmæli 15. apríl. Matthildur var í 1. sæti á mótinu.*

- þegar orð er skammstafað.

*Dæmi: t.d., a.m.k., o.s.frv., tsk.*

**Ekki** skal setja punkt

- á eftir fyrirsögn.
- ef málsgrein endar á skammstöfun eða raðtölu. (Aldrei tveir punktar í röð.)
- á eftir skammstöfunum í mælikerfinu.

*Dæmi: Hann hljóp 5 km í gær. Settu 3 dl af hveiti í skál.*

## Spurningarmerki

Spurningarmerki er sett á eftir beinni spurningu.

*Dæmi: Hvað er klukkan? Hvenær kemur afi?*

*Hvað á að gera næst?*

## Upphrópunarkerki

Þegar tákna á upphrópun eins og aðvörðun, undrun, gleði, sársauka eða skipun er tilvalið að nota upphrópunarkerki. En munið að nota þau sparlega og eitt dugar vel.

*Dæmi: Hæ! Ái! Passaðu þig! Glæsilegt! Taktu til eins og skot!*

## Komma

Kommu skal nota

- í upptalningu.

*Dæmi: Í herberginu mínu er rúm, skrifborð, stóll og kommóða.*

- með innskotssetningum.

*Dæmi: Frægi leikarinn, sem lék í vélmennamyndinni, er á leið til landsins.*

- til að afmarka ávarp.

*Dæmi: Hættu nú í tölvunni, mamma mín, og farðu frekar út í göngutúr.*

*Afi, viltu segja okkur sögu?*

## Tvípunktur

Tvípunktur er settur

- á undan beinni ræðu eða beinum tilvitnunum ef á undan fara inngangsorð.

*Dæmi: Þá sagði Sigurður: „Viltu lána mér bókina þína?“*

- á undan upptalningu í málsgrein.

*Dæmi: Í dag þarf ég að vinna þessi verk: Ganga með hundinn, þvo bílinn, sópa stéttina og fara út með ruslið.*

## Gæsalappir

Gæsalappir eru settar í texta til að afmarka

- það sem einhver segir. (Bein ræða)

*Dæmi: „Ég er hætt,“ öskraði Lísu þegar hún tapaði.*

- beina tilvitnun.

*Dæmi: Í pósti frá kennaranum stendur:*

*„Lísu missti stjórn á skapi sínu í dag en róaðist fljótt.“*

Íslenskar gæsalappir  
líta svona út: ” “  
Þetta er eins og  
99 og 66.

Þetta er ótrúlegt!  
Ert þú ekki líka að fíla  
þessi greinarmerki?  
Eins og Málfróður myndi segja:  
„Greinarmerki eru ógeðslega sniðug og  
algjörlega ómissandi!“ Ja, hann myndi  
nú kannski ekki segja „ógeðslega.“





## Aftur til fortíðar

Í þessum kafla munt þú:

- fræðast um fornleifar og fornleifafræðinga.
- lesa fjölbreytta fræðitexta.
- rifja upp og þjálfar:
  - ✓ lestrartækni
  - ✓ gerð hugarkorta
  - ✓ að finna lykilorð
  - ✓ að endursegja með eigin orðum
- grúska í heimildum og leita upplýsinga.
- skrifa ritgerð.

## Þekking á fortíðinni er góður undirbúningur fyrir framtíðina

Það er fátt skemmtilegra en að sökkva sér niður í frásagnir af **kempum** fortíðar, sögulegum merkisatburðum, gömlum **verkháttum**, stríðsátökum og eldgömlum samfélögum. En hvaðan fáum við vitneskju um **forna** atburði, verklag og merka einstaklinga? Sumt er hægt að lesa um í rituðum heimildum en oftast en ekki fáum við mikilvægar upplýsingar um fortíðina með því að finna, rannsaka og álykta um **fornleifar**.



Fornleifar eru leifar fornrar menningar, húsa, muna og lífvera.

Fornleifafraeði kallast fræðigrein sem fæst við forna menningu með rannsóknnum á fornleifum.

Hefur þú séð og skoðað fornmuni?  
Hvar?  
Hvaða munir eru eftirminnilegir?  
Hvaða fornmuni langar þig að sjá með eigin augum?



## Fræði – Æði – Lestrartækni

(Ææ, þetta rímar ekki)

Fólkið sem aflar upplýsinga með því að leita að og rannsaka fornleifar kallast **fornleifafræðingar**. Störf þeirra eru fjölbreytt. Aðra stundina liggja þeir ef til vill í **moldarflagi** og sigta jarðveg en hina grúska þeir á rannsóknarstofum og draga ályktanir út frá **uppgötvunum** sínum. En þar með er ekki öll sagan sögð. Fornleifafræðingar þurfa líka að koma rannsóknarniðurstöðum frá sér. Þeir skrifa því margar fræðigreinar og **skýrslur**. Auk þess lesa þeir mikið og kynna sér það sem starfsfélagar þeirra eru að vinna við.

Líklega má gera ráð fyrir að við lestur á erfiðum og flóknum fræðigreinum beiti fornleifafræðingar svipaðri lestrartækni og þið hafið æft ykkur í að beita í *Orðspori 1* og *2*.

Rifjum upp:

### Forlestur

Áður en þú lest textann.  
Skannaðu fyrirsögn,  
millifyrirsagnir, myndir  
og myndatexta.

### Lestur

Á meðan þú lest textann.  
Lestu textann vandlega.  
Haltu athygli og hugsaðu  
um efnið. Finndu merkingu  
orða sem þú ekki skilur.

### Eftirlestur

Vangaveltur eftir  
að lestri lýkur.  
Ræddu um textann,  
finndu lykilorð,  
glósaðu, gerðu  
hugarkort eða  
orðaský.

Langur og flókinn fræðitexti getur orðið leikur einn ef þú tileinkar þér þessa lestrartækni.





## Tökum léttu upprifjun á lestrartækni ... skref fyrir skref

1

### Forlestur

- Hvaða vísbendingar gefur fyrirsögnin um innihaldið?
- Skoðið mynd og lesið myndatextann.
- Hvað vitið þið nú þegar um þetta efni? Hafið þið heyrt um Þórslíkneski?
- Hvað viljið þið vita meira?
- Rákust þið á orð sem þið skiljið ekki?



2

### Lestur

- Stoppið eftir hverja efnisgrein og rifjið upp það sem lesið var.
- Stoppið við orð sem þið ekki skiljið og finnið merkingu þeirra.



### Litli bronskarlinn

Þórslíkneskið svokallaða er lítið mannlíkan úr bronsi. Ákveðin stíleinkenni benda til þess að líkneskið hafi verið gert nálægt aldamótunum 1000. Það er talið sýna Þór sem var einn fremsti guð norrænna manna í heiðnum sið. Bronskarlinn heldur báðum höndum um hlut sem talinn hefur verið Þórshamar en líkist mjög kristnum krossi.

Líkneskið fannst árið 1815 eða 1816 hjá Eyrarlandi við Eyjafjörð. Það var sent til Kaupmannahafnar árið 1817 en kom aftur til Íslands 1930 ásamt ýmsum öðrum forngrípum úr Þjóðminjasafni Dana. Á tímabilinu 800–1000 var heiðin trú ríkjandi á Íslandi en allt frá landnámi bjuggu hér kristnir menn að því er virðist í friðsamlegri sambúð við þá heiðnu.

[www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is)



Þór var þrumuguð norrænna manna í heiðnum sið. Hann var stór og mikill að vexti. Hamar Þórs hét Mjólnir.

3

### Eftirlestur

- Ræðið saman um efni textans.
- Hvað vitið þið núna um Þórslíkneskið sem þið vissuð ekki áður?
- Gerið einfalt hugarkort. Það gæti til dæmis litið svona út.



Lýsing

Hvað er?

Þórslíkneski

Hver er?

Hvar fannst?

## Spreyttu þig!

### Að lesa og skilja

Hér á opnunni og þeirri næstu eru þrjár greinar. Veldu þá grein sem vekur áhuga þinn og leystu verkefni á bls. 28–31 í vinnubókinni.

### Litli kistilinn hennar Önnu

Í baðstofunni var lítið persónulegt rými. Þar þjuggu oft 10–12 manns, sem sváfu þétt saman, mötuðust, unnu **tóvinnu** á kvöldin og hlustuðu á húsllestur. Ekki voru þar skápar eða aðrar **hirslur** en flestir áttu þó lítinn kistil þar sem þeir geymdu persónulega smáhluti. Stundum var læst leynihólf í kistlinum, kallað **handraði**, þar sem hægt var að geyma verðmætari hluti og peninga.

Kistillinn er smíðaður úr furu í kringum 1700 og er því um 300 ára gamall. Hann er allur útskorinn með teinungum og vafningum sem eiga sér ýmis nöfn. Á loki er hnúta- og bandflétuverk, á bakhlið er bandflétta og á framhlið greinastrengur. Á göflunum eru fjórir vafningar sem tengjast hver öðrum.



Í kistlum voru oft geymdir verðmætustu hlutir eigandans.

Það sem einkennir þennan útskurð eru könglarnir í miðjum vafningunum og mjóar greinar og blöð sem teygjast út frá aðalstofnunum. Fleiri gripir með svipuðum **útskurði** eru varðveittir í Þjóðminjasafninu en þeir eru allir frá Vestfjörðum. Ekki er þó víst að sami maður hafi skorið þá alla.

En hver skyldi hafa átt þennan fallega kistil? Það vill svo vel til, að á hann er letrað með **höfðaletri** og latínuletri: *Anna Þórðardóttir á þennan kistil*. Í manntalinu frá 1703 er aðeins ein kona með þessu nafni á Vestfjörðum. Hún var húsfreyja á Þorfinnsstöðum í Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, fædd 1671. Það er alls óvíst að hún hafi átt kistilinn, en svo mikið er víst að svo vandaðan kistil átti engin vinnukona.

[www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is)

## Með merkari fornleifafundum síðustu ára

SAGA „Þetta fer á topp tíu.“ Þetta segir dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, um sverðið sem gæsaveiðimenn fundu í Skaftárhreppi á Suðurlandi um helgina. Kristín telur fundinn með merkari fornleifafundum síðustu ára. „Það eru svo fá sverð sem hafa fundist hér og því er þetta mikill fengur fyrir sögu þjóðarinnar,“ bætir hún við en samkvæmt fyrstu greiningu er sverðið frá 10. öld.

„Við ætluðum bara á veiðar, enduðum í fornleifauppgreftri,“ sagði Árni Björn Valdimarsson í samtali við Vísir í gærmorgun, en hann og félagar hans fundu sverðið í veiðiferð á sunnudaginn. Í kjölfarið birtu þeir mynd af sverðinu á Facebook-síðu sinni. „Það fór allt á flug og þetta endar með að Minjastofnun hefur samband við okkur.“ Þeir afhentu Minjastofnun sverðið í gærmorgun.

Kristín segir að hingað til hafi rúmlega 20 sverð og sverðbútar fundist á Íslandi. „Hérna hafa fundist margar tegundir af sverðum, en þetta sverð tilheyrir næstelstu tegundinni, af svokallaðri Q-gerð, sem smíðuð var á 10. öld. Við sjáum þetta af hjöltunum út frá ákveðinni aðferðafræði, meðal annars af lögun þeirra og skrauti og hnöppum á þeim,“ segir Kristín. Hún telur ljóst að sverðið sé þess háttar sverð að það hafi vel verið hægt að nota í bardaga.



Rúnar Stanley Sighvatsson, einn fundarmanna og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, skoða sverðið við afhendinguna.

Kristín segir að sverðið hafi verið í kumli sem lenti undir hrauni í Skaftáreldum 1783. Það hafi líklega oltið

### Við erum mjög þakklát mönnum fyrir fundinn.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

út úr því í kjölfar Skaftárhlaupsins í fyrra og vitað var að það raskaði svæðum þar sem talið er líklegt að fornminjar hafi verið. „Sverðið er hins vegar vel á sig komið. Það er lítið brotið, en það er bara oddurinn sem er brotinn af,“ segir Kristín „Þetta er því mjög verðmætt sverð.“

Samkvæmt fornminjalögum frá 2012 ber almenningi að tilkynna um fundi sem þessa. Það var gert í þessu tilviki. „Við erum mjög þakklát mönnum fyrir fundinn og að þeir létu vita af þessu. Samkvæmt lögum má fólk ekki hrófla við neinu nema brýna nauðsyn beri til. Í þessu tilviki skipti máli að þeir tóku sverðið því það hefði hæglega geta borist út í á og glatast.“ [...]

Minjastofnun hefur nú afhent Þjóðminjasafninu sverðið til varðveislu og greiningar, en samkvæmt fornminjalögum er sverðið nú eign íslensku þjóðarinnar. – hlh

#### SVERÐIÐ SEM FANNST

Aldur 10. öld  
Staðsetning Skaftárhreppur



## Álfapotturinn

Ekki er vitað hvaðan potturinn kemur upprunalega en ljóst er að hann er ekki íslenskur. Hann gæti mögulega hafa komið frá Þýskalandi eða Noregi en ekkert er vitað um það með fullri vissu. Pottar af þessu tagi voru algengir á seinni hluta miðalda og bárust margir þeirra hingað til lands. Brot af pottum sem þessum hafa fundist víða en þessi er sá eini sem hefur varðveist heill og lítið skemmdur. Það í sjálfu sér nægir til þess að potturinn þyki afar merki- legur gripur en hann er það þó ekki síst vegna þeirrar sögu sem fylgdi honum þegar hann kom til safnsins. Sagan segir nefnilega að þessi pottur hafi upp- runalega komið frá álfum.

### Álfar á ferð?

Það var í byrjun 19. aldar að maður nokkur sem bjó á Litlagarði í Dýrafirði í Ísafjarðarsýslu, Pálmi Guðmundsson að nafni, fór í göngutúr í tungsljósi á gamlárskvöld. Pálmi var jarðbundinn maður og trúði hvorki á drauga né álfa. Hann ætlaði því ekki að trúa sínum eigin augum þegar hann sá flokk af fólki á gangi fyrir neðan **hlaðvarpann**



*Potturinn stendur á þremur fótum og er fremur lítill eða um 10 cm á hæð. Hann er líklega frá 15. eða 16. öld.*

sem hélt á alls kyns dóti því hann sá ekki betur en þarna væru komnir álfar. Hann tók sérstaklega eftir því að fyrir aftan álfaskarann var lítið barn, um það bil 4 til 5 ára, sem var að rogast með eitthvað sem Pálmi sá ekki hvað var. Hann heyrði barnið þó greinilega kalla til mómmu sinnar og tók eftir því að barnið var hrætt um að það myndi dragast aftur úr og týna mómmu sinni og hinum álfunum. Það endaði með því að barnið gafst upp á að **rogast** með það sem það hafði í höndunum og lagði það frá sér á jörðina. Síðan hljóp barnið til hinna álfanna og allir héldu þeir för sinni áfram. Pálmi ákvað hins vegar að kanna hvað það var sem álfabarnið hafði skilið eftir á jörðinni og reyndist það vera þessi pottur, sem hefur síðan verið kallaður *álfapotturinn*.

### Galdrapottur

Pálmi tók pottinn með sér heim og geymdi á góðum stað. Hann passaði raunar svo vel upp á pottinn að hann leyfði bara bestu vinum sínum að sjá hann. Síðar gaf hann fóstursyni sínum pottinn en áður en hann var gefinn til Þjóðminjasafnsins fór hann um hendur nokkurra eigenda. Það er gaman að geta þess að álfa-potturinn er talinn hafa ákveðinn lækningamátt því ef **svarf** úr pottinum er lagt á brjóst- eða fingurmeið er sagt að mönnum batni strax.

Um sannleiksgildi þessarar sögu skal ekki fullyrt en þó er vert að geta þess að samkvæmt íslenskum þjóðsögum er alvanalegt að álfar flytjist búferlum á nýársnótt og mörg dæmi eru um að álfar skilji eftir sig hluti í mannheimum, bæði viljandi og óviljandi. Hver og einn verður því að gera það upp við sig hvort þeir trúu því að álfapotturinn hafi sannarlega verið í eigu álfa.

*www.thjodminjasafn.is*



## Fróðlegir fornleifafræðingar

### Howard Carter og barnunga múmían

Fornleifafræðingurinn Howard Carter varð heimsfrægur á einni nóttu eftir að hafa fundið **graf-hýsi** hins egyptska faraós *Tutankhamun*. Þetta gerðist í nóvember árið 1922.

Carter hafði þá unnið **sleitu-laust** í mörg ár við uppgröft í Dal konunganna í Egyptalandi án þess að finna nokkuð **mark-vert**. Ríki Englendingurinn sem styrkti uppgröft og rannsóknir

Carters var búinn að missa þolinmæðina og hótaði að hætta að **fjármagna** verkefnið.

Það var einmitt þá sem Carter og samstarfsmenn grófu niður á inngang að áður óþekktu graf-hýsi. Þegar það var opnað var Carter fyrstur til að kíkja inn og í birtunni af kertaljósi sá hann magnaðan fjársjóð. Gröf barnunga konungsins var fundin.



*Howard Carter fæddist árið 1874. Aðeins 17 ára gamall var hann farinn að aðstoða við uppgröft og rannsóknir á graf-hýsum í Egyptalandi.*



Á netinu er hægt að skoða myndir frá árinu 1922 sem teknar voru þegar gröf Tutankhamun var opnuð.

- Skoðið myndir og myndbönd.
- Hvaða leitarorð slóguð þið inn?
- Hvaða leitarorð virkaði best?
- Veljið mynd sem ykkur þykir vera áhugaverð.
- Er öruggt að þessi mynd sé áreiðanleg? Af hverju? Af hverju ekki?

### Áreiðanlegur:

- sem hægt er að treysta
- sannorður

### Áreiðanleiki:

Til að meta áreiðanleika upplýsinga á netinu er mikilvægt að skoða uppruna þeirra. Þegar smellt er á mynd opnast sú vefsíða er hýsir myndina. Er sú vefsíða áreiðanleg heimild?

Þú getur lesið meira um Tutankhamun í vinnubókinni á bls. 34.

## Ragnheiður Traustadóttir og Hólarannsóknin

Ragnheiður Tryggvadóttir er íslenskur fornleifafraeðingur. Hún lærði fornleifafraeði í Svíþjóð og hefur síðan unnið við fornleifarannsóknir og uppgröft. Ragnheiður hefur undanfarin ár verið verkefnastjóri í gríðarstóru fornleifarannsóknarverkefni á Hólum í Hjaltadal. Hólar eru merkilegur staður. Þar var helsta höfuðból Norðurlands í margar aldir. Fyrsta prentsmiðja lands-

ins var byggð á Hólum á 16. öld og þar var rekinn skóli þegar fáir slíkir voru til á Íslandi. Einnig sat þar biskup allt til ársins 1801. Fornleifarannsókn Ragnheiðar er ætlað að gefa okkur meiri upplýsingar um þessa sögu. Nú þegar hafa fundist fjölmargir merkir munir, þ.á m. leirker, hnífar, lyklar, leikföng, taflmenn og pípur.

Finndu Hóla í Hjaltadal á korti.



Skellið ykkur í upplýsingaöflun á netinu og svarið eftirfarandi spurningum.

- Hvaða ár hófst Hólarannsóknin?
- Hvaða ár er fyrsta kirkjan byggð á Hólum?
- Nefnið þrjá samstarfsaðila sem styrkja fornleifaverkefnið á Hólum?
- Hvar funduð þið svörin? Þurftuð þið að skoða margar vefsíður?
- Teljið þið að heimildir ykkar séu áreiðanlegar?

Hvaða stóra fjörð má finna nálægt Hólum?

## Heimildir: Hvaðan fékkst þú þessar upplýsingar?

Upplýsingar sem fást úr bókum, tímaritum, á netinu eða með því að taka viðtöl við fólk eða sérfræðinga kallast heimildir. Það er ákaflega mikilvægt þegar maður skrifar fræðitexta að taka fram hvaðan upplýsingarnar sem maður notar eru komnar. Þegar þú finnur upplýsingar á netinu er mikilvægt að meta hvort það séu áreiðanlegar heimildir.

Fornleifafraeði er ekki bara viðfangsefni í fræðigreinum og fyrirlesturum. Leynardómsfullar fornleifar og snjallir fornleifafraeðingar hafa löngum verið rithöfundum, kvikmyndagerðarfólki og jafnvel tölvuleikjahönnuðum innblástur.

## Indíana Jones

Fjórar kvikmyndir hafa verið gerðar um fornleifafraeðinginn geðþekka Henry Walton Jones Jr. Karlinn sá er háskólaprófessor og mikill grúskari. Hann veit ekkert verra en að verðmætar fornminjar lendi í röngum höndum og því kemur ekki á óvart að einn af hans þekktustu frösum er: „Þetta á að vera á safni!“



Indy, eins og hann er oft kallaður, ferðast um allan heim til að bjarga ómetanlegum forngrípum, ávallt klæddur leðurjakkanum sínum góða og með hatt sem hann skilur sjaldan við sig. Hann talar mörg tungumál, hefur gríðarmikla þekkingu á fornum menningarheimum og er dauðhræddur við slöngur.

Fyrsta kvikmyndin, *Ránið á týndu örkinni* (e. *Raiders of the Lost Ark*) var frumsýnd árið 1981. Leikarinn Harrison Ford fór þar í fyrsta skipti með hlutverk sitt sem Indiana Jones. Aðdáendum til mikillar gleði hefur verið ákveðið að gera eina mynd til viðbótar um ævintýri fornleifafraeðingsins.

Henry Walton Jones, Jr. er kallaður Indiana, eftir hundi sem hann mun hafa átt í æsku. Indy er því eins konar gælunafn út frá gælunafni.



## Lara Croft


Árið 1997 kom út tölvuleikurinn Tomb Raider eða Grafarræninginn. Þar var kynnt til sögunnar fornleifafræðingurinn og ævintýrakonan Lara Croft.

Lara er fluggáfúð og úrræðagóð. Hún er vel að sér í fornum fræðum og talar fjölmörg tungumál reiprennandi. Auk þess er hún í fantagóðu formi sem kemur sér vel þar sem hún þeytist um heiminn í leit að ómetanlegum fornminjum.

Einkennismerki Löru er þykk og mikil hárfletta sem nær henni í mitti. Hún sést sjaldan án bakpoka og verkfærabelti skilur hún aldrei við sig. Fyrsti tölvuleikurinn um Löru, sló í gegn og seldist í milljónum eintaka um allan heim. Eftir það hafa fjölmargir leikir bæst í safnið. Árið 2001 var gerð kvikmynd sem byggði á fyrsta leiknum; *Lara Croft: Tomb Raider*. Leikkonan Angelina Jolie lék Löru.



- Lestu báðar greinarnar. Veldu aðra hvora og lestu hana aftur.
- Skráðu hjá þér lykilorð úr textanum.
- Lokaðu bókinni og endursegðu greinina með eigin orðum. Nýttu lykilorðin.
- Gríptu snjalltæki og taktu upp endursögn þína.
- Skoðaðu greinina aftur, hlustaðu á upptökuna og leggðu mat á hvort þú náðir að nefna aðalatriðin.



### Endursögn

Að endursegja er að segja frá einhverju, með eigin orðum, sem maður hefur lesið eða heyrt.

## Ritgerð um ritgerð

### [INNGANGUR]

Ritgerð er texti sem fólk skrifar ýmist til að færa rök fyrir skoðun eða til að fræða lesandann. Gjarnan er vísað í heimildir í textanum sjálfum eða í lok ritgerðarinnar. Hér á eftir verður fjallað um ritgerðarsmíði og góð ráð gefin um skrifin.

### [MEGINMÁL]

Ritgerðarskrif eru stunduð af kappi meðal náms- og fræðimanna. Við fyrstu sýn virðist um flókið fyrirbæri að ræða en svo er alls ekki. Allar ritgerðir byggja á sömu reglum og ef þú lærir þær verður vinnan leikur einn.

*„Ef þú þræðir nokkur ákveðin þrep, þá kemstu að því að ritgerðin þín skrifar sig næstum því sjálf. Það eina sem þú þarft að gera er að koma fram með hugmyndirnar, sem eru mikilvægasti hluti ritgerðarinnar hvort sem er.“*

Fyrsta skrefið er að ákveða hvað þú ætlar að skrifa um. Oft og tíðum er það kennari sem ákveður ritgerðarefni en þó kemur fyrir að valið er í þínum höndum.

Mikilvægt er að vita tilgang ritgerðarinnar. Ætlar þú að fræða um ákveðið efni, svara rannsóknarspurningu eða sannfæra lesandann um að eitthvað sé hið eina rétta?

Þegar ritgerðarefni og tilgangur liggja fyrir er tilvalið að hefja vinnuna á hugarkorti. Leyfðu huganum að reika, safnaðu saman hugmyndum þínum og skráðu þau aðalatriði sem þurfa að koma fram í ritgerðinni. Lestu þér til um efnið í bókum, tímaritum eða á netinu og sankaðu að þér heimildum. Gott getur reynst að safna heimildum inn í hugarkortið og halda utan um upplýsingarnar á einum stað.

Þegar undirbúningi er lokið er komið að sjálfri rituninni.

### [LOKAORÐ]

Það er ljóst að góður undirbúningur og heimildaöflun skipta miklu máli og einfalda skrifin til muna. Mörgum vex ritgerðarvinnan í augum og telja verkefnið óvinnanlegt. Þá skiptir máli að hafa trú á sér, halda sig að verki og nýta sér þessa opnu, góðu ráðin og leiðbeiningarnar. Fátt jafnast á við þá ánægju að glíma við verkefni, gera sitt besta og fyllast stolti þegar því er lokið.

### [HEIMILDASKRÁ]

## Inngangur

- Kynntu efnið sem þú ætlar að fjalla um.
- Mikilvægt er að ná athygli lesenda.
- Segðu í stuttu máli frá því sem þú ætlar  
**að** fræða lesanda um (fólk, dýr, fyrirbæri, staðir ...)  
**að** leita svara við (rannsóknarspurning)  
**að** sannfæra lesanda um hugmynd sem þú styður með rökum í meginmáli.
- Stundum er betra að skrifa innganginn síðast.

Ritgerðin í hnotskurn:  
Að spyrja spurninga – hafa skoðun – rökstyðja sína ályktun/skoðun.

Hvort er þessari ritgerð ætlað að fræða, svara spurningu eða sannfæra?

## Meginmál

- Hér kemur þú með upplýsingar um efnið.
- Gott er að skipta textanum niður í nokkrar efnisgreinar.
- Koma aðalatriðum til skila. Nýta heimildir og hugarkort.

## Lokaorð

- Hér dregur þú saman þær upplýsingar sem komið hafa fram.
- Þú dregur eigin ályktanir og kemst að niðurstöðu um umfjöllunarefnið.
- Eigin skoðanir eiga að koma fram í lokaorðum. (Mér finnst ... Að mínu mati ...)

Það er algjör skylda að skrá niður hvaðan upplýsingarnar fyrir ritgerðina koma. Svona gæti heimildaskrá fyrir  
**Ritgerð um ritgerð** litið út.

## Heimildaskrá

- Sue Palmer. 2011. *Beinagrindur – Handbók um ritun*. Hrefna Birna Björnsdóttir og Sigríður Nanna Heimisdóttir þýddu. Kópavogur, Námsgagnastofnun.
- Kathy Livingston. 2003. Verkmenntaskólinn á Akureyri, *Hvernig á að skrifa góða ritgerð*. Guðjón Ólafsson þýddi. <http://thor.vma.is/Gryfjan/Ritgerd/index.html>. Sótt 01.10.2016
- Námsgagnastofnun. 2012. *Viskuveitan. 7. bekkur – Íslandssaga*. <http://vefir.nams.is/viskuveitan/bekkur-7.html>. Sótt. 02.10.2016

# Að skrifa ritgerð

**Spreyttu þig!**

Taktu þér stöðu ritgerðarnýliði!  
 Nú er að duga eða drepast.  
 Og hér er sko ekki í boði að drepast.  
 Það er komið að þér að leggja í ritgerðarskrif.  
 Synda sundið, klífa tindinn, yfirstíga óttann  
 og klára dæmið.  
 Af stað! Og mundu ... það er JÁ, FRÚ!



**Stórkostlega áhugaverð ritgerðarefni.**

**Veldu eitt ... og hafðu í huga hvort þú ætlar að fræða, svara spurningu eða sannfæra lesandann um eitthvað allt annað!**

**Möðruvallabók**

**Víkingaskip**

**Snorri Sturluson**

**LAXDÆLA**

**Njálsbrenna**

*Kleópatra*

**Colosseum**

Jóhanna af Örk

**Guðríður  
Þorbjarnardóttir**

Valþjófsstaðahurðin

**Tyrkjaránið**

Ísmaðurinn Ötzi

GALDRAFÁR Á ÍSLANDI

**Ari fróði**

Kristnitaka  
á Þingvöllum

Kristófer Kólumbus

*Svartíðauði*

## RITGERÐARSKRIF – SKREF FYRIR SKREF



- Veldu þér viðfangsefni. Ekki er verra að vita eitthvað þínulítið um efnið eða hafa óbilandi áhuga á því að vita meira.
- Gerðu hugarkort í vinnubókinni á bls. 36.
- Leitaðu heimilda. Lestu bækur og tímarit og leitaðu upplýsinga á netinu. Skráðu upplýsingarnar sem þú finnur inn í hugarkortið eða á annan góðan stað.
- Hafðu í huga muninn á beinum og óbeinum tilvitnunum.
- Skráðu niður þær heimildir sem þú notar jafnóðum. (Heimildaskrá)
- Gerðu uppkast að inngangi.
- Skrifaðu meginmálið og passaðu að öll aðalatriði komi fram. Mundu að skipta textanum í efnisgreinar.
- Semdu lokaorð.
- Settu upp heimildaskrá.
- Farðu yfir innganginn og athugaðu hvort þú getir bætt hann.
- Renndu ritgerðinni þinni í gegnum villupúka eða leitaðu að villum á skrambi.is.
- Lestu yfir, leiðréttu villur og vandaðu málfar.
- Biddu kennara eða námsfélaga að lesa yfir og leiðrétta ef villur er enn að finna í textanum.
- Gerðu forsíðu.
- Skoðaðu afraksturinn og vertu stolt/ur!

Á forsíðu þarf að koma fram:  
Nafn kennara og námsgreinar.  
Titill á ritgerðinni.  
Nafn þitt, bekkur og ártal.


Ritgerðarskólinn  
Kennari: Grínildur Grágás  
Íslenska

### Ritgerð um ritgerð

Penni Blýantsson  
7. bekkur 2019

# Lestu SÖGUR FRÁ FORNU FARI

## Forngripasafnið



NÁTTÚRGRIPASAFNIÐ  
LISTASAFNIÐ

Höfundur: Sigrún Eldjárn

„Þessi bók fjallar um Rúnar. Hann flytur út á land með þabba sínum sem ætlar að stýra forngripasafni í þorpinu. Hann kynnist Möggu og Lilla sem búa í næsta húsi og þau verða góðir vinir. Svo kynnast þau líka Gunnhildi sem er mjög undarleg ... ja, stelpa. Það kemur í ljós að það er margt skrítið og undarlegt á seyði í þorpinu og allt tengist það safninu. Þetta er spennandi og ævintýrleg bók.“

Eiríkur Máni 12 ára.

## Gásagátan - spennusaga frá 13. öld

Höfundur: Brynhildur Þórarinsdóttir

„Ég mæli sko með þessari bók fyrir alla sem vilja upplifa hvernig lífið var á Íslandi í eldgamla daga. Sagan gerist á verslunarstaðnum Gásum við Eyjafjörð sem var einu sinni til en ekki lengur. Aðalpersónur eru bræðurnir Kolsveinn og Kálfur. Þeir eru mættir á staðinn til að hefna föður síns sem var myrtur. Maður fylgist með bræðrunum þar sem þeir kynnast lífinu á Gásum og hitta persónur sem síðar áttu eftir að setja svip sinn á Íslandssöguna.“

Karlotta 13 ára.




LANDIÐ

EGLA

MIJALA

## Í víkingahöndum



FLÓTTINN FRA VIKINGUNUM  
SIGURDUR DREKABANI

Höfundur: Torill Thorstad Hauger

„Patrekur og Sunnefa alast upp á Írlandi á 10. öld. Þau eru alltaf að heyra sögur af vikingum sem ráðast á þorp og ræna bæði dýrgripum og fólki. Dag einn koma vikingarnir í þorpið þeirra. Þeir brenna bæi og drepa þá sem eru fyrir þeim. Mörgum tekst að flýja en ekki Patreki og Sunnefu. Þau eru tekin og flutt til Noregs í þrældóm. Þau fá illa meðferð en eru ákveðin í að gefast ekki upp. Þau ætla sér að flýja.“

Vigdís Björt 12 ára.

## Bölvun faraós


Höfundur: Kim M. Kimselius

„Ramóna og Theó eru á ferðalagi í Egyptalandi. Þau eru stödd í grafhvelfingu eins hinna fornu faraóa. Þá gerist eitt-hvað undarlegt og Ramóna hverfur. Hún flyst aftur til ársins 1323 f.Kr. til ríkis Tútankhamons. Þar lendir hún í brjáluðum ævintýrum og hrikalegum hættum. Theó reynir að ná henni til baka með aðstoð dansks fornfræðings. Ég ætla ekki að segja þér hvort það tekst. Þú verður að lesa! Mjög góð bók.“  
Kristján 12 ára

AFTUR TIL POMPEI

FALLÖXN

TÖFRASVERÐIÐ



Munið þið eftir fleiri bókum sem lýsa lífi fólks fyrir á tímum?  
Safnið saman hugmyndum á bókalista.



Veldu þér eina af þessum bókum. Lestu hana og skrifaðu þína eigin umsögn.



# Bækur um lífið í gamla daga!

# Ísland, gamla Ísland Ísland, gamla Ísland

## Fjallkonan

Á 18. og 19. öld tóku margar þjóðir upp á því að útbúa táknmynd fyrir landið sitt í líki konu. Táknmyndin er komin frá rómantísku hugmyndinni um móður jörð.

Fyrsta hugmynd um konu sem tákn fyrir Ísland kom fram árið 1752. Fyrirmyndin að þeirri táknmynd var Lovísa, sem var drottning í Danmörku á 18. öld. Í kvæði Bjarna Thorarensens *Eldgamla Ísafold* kemur fyrir nýyrðið Fjallkona. Það heiti festist við kvenlega táknið fyrir Ísland og er það heiti sem við notum enn í dag.



*Fjallkonan eins og hún var kynnt í enskri þýðingu á íslenskum þjóðsögum.*



*Fjallkonan í dag klæðist íslenskum skautbúning.*

Í enskri þýðingu á íslenskum þjóðsögum er að finna mynd sem sýnir Fjallkonuna. Hún situr á steini, með sverð í **slíðrum** og hrafni á öxlinni. Á höfði ber hún kórónu með ísnálum og eldtungum. Bakgrunnurinn er svört nóttin, fjallasýn og mávur. Við fætur hennar liggja **bókrollur** með rúnaletri sem fræðimenn líta á sem tákn um að Íslendingar eru söguþjóð með mikinn bókmenntaarf.

Eldgamla Ísafold,  
ástkæra fósturmold,  
fjallkonan fríð ...







Germanía

Á sama tíma voru önnur lönd að skapa sína kven-gervingu fyrir landið. Í Þýskalandi heitir hún Germanía. Hún er tákn frelsis, styrks og hetju-dáðar. Sólarupprásin í bakgrunni táknar nýtt upphaf þjóðarinnar.



Marianne

Í Frakklandi heitir hún Marianne. Hún er tákn frelsis, jafnréttis og bræðralags. Hún er með rautt, þrí-hyrnt höfuðfat sem franskir byltingar-sinnar báru. Föt hennar eru rifin og tætt til marks um styrk þess sem rís upp eftir að hafa verið kúgaður og niðurlægður. Breska kvenímyndin er Britannía. Hún stendur fyrir frelsi, styrk og samheldni. Og Bandaríkin eru með hana Colombiu sem dregur nafn sitt af Kristófer Kólumbus.

Á Íslendingadeginum í Winnipeg í Kanada kom kona í gervi Fjallkonunnar fram í fyrsta skipti árið 1924. Eftir að Ísland varð lýðveldi hefur það verið til síðs að kona í skautbúningi flytji fjallkonuerindi á 17. júní.

Af hverju skyldi Íslendingadagur vera haldinn hátíðlegur í Winnipeg í Kanada?



Myndið litla hópa.

Ræðið eftirfarandi og punktið niður hjá ykkur hvaða hugmyndir koma upp hjá hópnum.

- Af hverju haldið þið að kona hafi verið valin sem táknmynd frekar en karl?
- Hvaða tilfinningar vekur Fjallkonan hjá ykkur?
- Ef það ætti að búa til táknmynd í dag fyrir Ísland, hvaða táknmynd finnst ykkur henta? Hvað stæði hún fyrir?  
Hvernig liti hún út?

Í lokin stýrir kennari ykkar umræðum þar sem talsmaður úr hverjum hóp kynnir niðurstöður hópsins.





## Læsi og lesfimi

Í þessum kafla munt þú:

- fræðast um læsi í viðum skilningi.
- leysa lesfimiþrautir.

## Læsi er alls konar


Ert þú einn af þessum nemendum sem er alltaf að rekast á orðið læsi og hefur ekki hugmynd um hvað það þýðir? Þú skilur kannski ekki heldur af hverju aðrir telja það svona mikilvægt og eru stöðugt að hvetja þig til að æfa lestur, leskilning, lestrartækni, fræðilestur, yndislestur eða bóklestur.

Það er ósköp skiljanlegt. En til þess að útskýra þetta fyrir þér fór ég á stúfana og las mér til um þetta fína hugtak, læsi.

Ýmislegt kom mér á óvart. Margir halda nefnilega að það sé læsi að breyta bókstöfum í hljóð, raða hljóðum í orð og orðum í málsgreinar. Að það sé nóg að vera snöggur að lesa orð á blaði eða í bók og þá sé maður fluglæs. En nei, lestrarsprotinn minn! Það er sko hreint ekki svo einfalt. Að kunna að lesa er mikilvægur grunnur en læsi er svo miklu miklu meira ...

Læsi er nefnilega líka:

- að skilja og túlka talmál, ritmál, myndmál, táknmál og samskipti.
- að setja í samhengi.
- að lesa í aðstæður.
- að leggja mat á.
- að vera gagnrýnin(n).
- að geta tjáð sig á margvíslegan hátt.



Skodið opnumyndina. Hvað haldið þið að læsi sé? Nefnið dæmi. Varpið fram öllum ykkar hugmyndum. Hlustið, ræðið og veltið vöngum.



## Æfum lesfimi



Peir sem æfa ípóttir eða leika á hljóðfæri reglulega vita mætavel að það er ekki nóg að æfa bara einn vöðva eða spila öðru hvoru. Það þarf að þjálfa þá alla til að ná hámarksárangri. Sama á við um læsi. Þú þarft að æfa alls konar læsi. Hér á eftir eru fjölbreyttar æfingar er reyna á læsi. Köllum það lesfimi. Spreyttu þig. Góða skemmtun!

### Leiðbeiningar um hollt og gott nesti

- Drykkir: Mælt er með vatni við þorsta því vatn er besti svaldrykkurinn. Léttmjólk er einnig tilvalin í nestið og hreinir ávaxtasafar öðru hvoru.
- Niðurskornir ávextir og grænmeti ættu ávallt að vera hluti af hollu og góðu nesti. Hnetur og möndlur eru einnig góður kostur (en fyrst þarf að athuga hvort einhver er með ofnæmi).
- Holl samloka: Mælt er með að nota gróft, heilkorna brauð með a.m.k. 5 gr. trefja, smurt með þunnu lagi af viðbiti eða sósu. Með hollu áleggi er átt við t.d. epli, banana, brauðost, smurost, baunamauk (húmmus), lifrarkæfu, túnfisk, makríl í tómat sósu, sardinur, papríku, agúrku, tómat, salat og lárperu (avókadó). Æskilegt að velja brauð merkt með matvælamerkinu Skráargatinu.
- Mjólkurvörur eru einnig tilvaldar í nestið: T.d. skyr og aðrar sýrðar mjólkurvörur. Æskilegt að velja sem oftast fituminni, ósykraðar eða lítið sykraðar mjólkurvörur án sætuefna.
- „Boost“ drykkir eru einnig góðir sem nesti. Hægt er að setja saman ávexti, grænmeti, ber, skyr, léttmjólk og klaka í blandara og taka með sem nesti.

Unnið af:  
Elvu Gísladóttur og Hólmfríði Þorgeirsdóttur  
næringarfræðingum hjá Embætti landlæknis.



- Í þessum texta sem er úr bæklingi frá Embætti landlæknis er þér bent á að borða hollt og gott nesti. Getur þú treyst þessum upplýsingum? Nefndu tvö atriði sem rökstyðja mál þitt.
- Í leiðbeiningunum ert þú hvött/hvattur til að nota vörur með Skráargatinu. Hvaða þýðingu hafa slík merki? Leitaðu svara.
- Hvar fékkstu upplýsingar um merkin? Heldur þú að það sé skynsamlegt að borða vörur með þessum merkjum? Af hverju? Af hverju ekki?
- Hvað finnst þér vanta í bæklinginn? Af hverju heldur þú að það hafi ekki komist á blað?
- Hvað vilt þú hafa í nesti? Nýttu upplýsingarnar úr bæklingnum og gerðu nestisáætlun fyrir vikuna.

## Nennirðu að setja í þvottavélina?

Merkingar af þessu tagi finnur þú á nánast öllum fatnaði. Og nei, þetta eru ekki bara einhver tákni sem voru krotuð fyrir mistök inn í peysuna þína eða úlpuna. Þetta eru þvottamerkingar, leiðbeiningar um hvernig best sé að þvo flikurnar þínar. Þær koma í veg fyrir að nærfötin þín verði fjólublá eða að hettupeysan þín verði skyndilega máttuleg á leikskólabarn. Þvottaleiðbeiningar eru ekkert grín. Lestu og lærðu!



# ÞVOTTAMERKI



1. Má þvo



2. Þvoist á volgum hita (handþvottur)



3. Hámarkshiti á vatni



4. Má ekki þvo



5. Má þurrka í þurrkara



6. Hámarkshiti þurrkara (einn punktur – lágur hiti)



7. Má ekki þurrka í þurrkara



8. Leggið til þerris



9. Hengja upp rennandi blautt



10. Má strauja



11. Hitastig straujárnss (einn punktur – lágur hiti)



12. Má ekki strauja



- Skoðið flikurnar sem þið eruð í, t.d. peysuna, bolinn og buxurnar. Á röngunni er að finna miða með þvottamerkingum.
- Skráið niður flikurnar og hvernig á að þvo þær.
- eru merki á flikunum sem þið sjáið ekki á þessari síðu? Hvað er þá best að gera?
- Berið saman leiðbeiningar. Getið þið sett allt í eina vél?

# Nú vidrar vel til að lesa úr táknum

Íslendingar fylgjast vel með veðri og vindum. Enda ekki að undra. Hér er allra veðra von. Áður fyrr voru Íslendingar **naskir** að gá til veðurs. Þeir horfðu til himna og fylgdust með skýjafari og vindum. Hegðun fugla og dýra gaf einnig vísbendingar um veðrið sem koma skyldi. En nú er öldin önnur og við treystum á nákvæmar tölvuspár til að segja okkur hvernig veðrið verður næstu daga og viku.

Veðurstofa Íslands notar veðurtákn til að gefa fólki yfirlit yfir veður.

skýjaklakkar úrkoma  
**súld** éljagangur regn logn  
 landsynningur *rok* **útsynningur**  
 SNJÓHULA **strekkingur** gola regnskúr  
 skafrenningur **ANDVARI** rjómaþlíða hundslappadrífa  
 andblær hægviðri **sorti**  
 úrhelli ofankoma klósigar STINNINGSKALDI  
 kafaldsbylur **stilla** fárviðri  
 skýjabakki *maríutásur*  
**þurrviðri**



- Opnið vef Veðurstofu Íslands, [www.vedur.is](http://www.vedur.is) og skoðið útskýringar á táknumum.
- Veljið staðaspá – Allt Ísland.
- Hvernig er veðrið á ykkar heimaslóðum á hádegi í dag? Skriðið stutta lýsingu á veðrinu. Notið hugtökin sem fylgja táknumum hér á síðunni.
- Hvernig verður veðrið á miðhálandinu kl. 18 í dag? Finndu Hveravelli og taktu stöðuna.
- Hvar á landinu er hvassast?
- Hvar á landinu er besta veðrið í dag, að þínu mati?
- Hvernig er spáin fyrir morgundaginn í höfuðborginni?



**ÞOKA**  
≡≡≡

- Lestu þessar textaspár og teiknaðu viðeigandi veðurtákn.
  - Léttskýjað, vestan 2 m/s. Hiti 7 stig.
  - Lítills háttar rigning, austan 4 m/s. Hiti 3 stig.
  - Alskýjað, snjóél, norðvestan 10 m/s. Hiti um frostmark.
  - Rigning, þoka, breytileg átt eða logn. Hiti 13 stig.  
Hvaða veðurspá hljómar best fyrir hjólreiðatúr?  
Hvaða veðurspá kallar á hlýja yfirhöfn?



Hvaða önnur orð þekkir þú sem lýsa veðri eða skýjafari?

Notaðu orðin á bls. 60 og prófaðu að rappa þau eða búa til ljóðaslamm.

## LESTU MILLI LÍNA

Vá! Það er eins og lokabardaginn úr Hringadróttinssögu hafi farið fram í þessu herbergi.

Já, ég var einmitt að reyna að fanga þá stemningu. Tók mig alveg mánuð að ná þessu útliti. Ég er rosalega ánægð.



### Ræðið!

- Hvað á strákurinn við þegar hann líkir herbergi vinkonu sinnar við atriði í Hringadróttinssögu?
- Hvernig líkar stelpunni við afskipti vinar síns? Berið saman svipbrigði og svar hennar.
- Endurskrifið samtalið þar sem líkingum og kaldhæðni er sleppt. Hvernig gæti það þá hljómað?







Hurðin á flugvélinni var opnuð og fyrstu stökkvararnir hoppuðu út. Hávaðinn frá hreyflunum var ærandi. Kennarinn gaf þeim merki um að þau væru næst.

Kjartan var með fiðring í maga og leist ekki á blikuna. Hann leit á Védísi sem sat þráðbein með bakið klesst upp við flugvélaraskrokkinn. Augun voru lokuð.

– Nú gerum við þetta!

Kjartan gaf Védísi merki um að kless'ann. Hún leit til hans, brosti og kinkaði kolli.

– Endilega, drífum í þessu! kallaði hún til að yfirgnæfa hávaðann. Hún sleppti þó ekki höndum af axlarböndunum á fallhlífinni og röddin var óvenjulega skræk.

– Þetta verður rosalegt!!! kallaði Kjartan um leið og hann spratt á fætur og fíkraði sig skjálfandi í átt að kennaranum og dyrunum.

– Jess, kallaði Védís en hreyfði sig ekki.

Skyndilega hlammaði Kjartan sér niður og reif af sér hjálminn.



### Ræðið!

- Kjartan og Védís ætla í fallhlífastökk. Þau virðast reiðubúin og til í tuskið, eða hvað?
- Hvaða atriði í textanum gefa til kynna að þau séu reiðubúin í stökkið?
- Hvaða atriði í textanum gefa hið gagnstæða til kynna?
- Hvað svo? Hvað gerist næst? Haldið áfram með frásögnina.

# Fyrirmyndir

## Jón Ragnar Jónsson



er læs fyrirmynd

Jón Ragnar Jónsson er söngvari, lagahöfundur, fótboltamaður og hagfræðingur.

Ungur byrjaði hann að syngja og spila og var duglegur að koma fram og skemmta öðrum í skólanum sínum og við önnur tilefni.

Jón hefur gefið út tvær plötur þar sem hann er bæði laga- og textahöfundur.

Textarnir hans eru ýmist á ensku eða íslensku. Hann býr yfir ríkulegum orðaforða á báðum tungumálum og nýtir hann óspart til að koma hugsunum og hugmyndum sínum á framfæri.

Fótbolti átti lengi hug hans allan og ferill hans með FH var farsæll.

Dugnaðurinn við að læra og lesa í leikinn og þrautseigjan við æfingar skilaði sér þegar hann fékk skólástyrk við Bostonháskóla. Þar dvaldi hann í þrjú ár, spilaði fótbolta og lærði hagfræði.

Jón hefur ferðast um landið og frætt ungt fólk um fjármálalæsi. Í fyrirlestrum sínum fer hann yfir það hvernig peningar virka og hvetur áhorfendur til að setja sér markmið í fjármálum og gera greinarmun á þörfum og óskum.

Jón tók ungur ákvörðun um að reykja hvorki né drekka. Segja má að hann hafi lesið hárrétt í aðstæður. Hann nýtir tíma sinn og orku til góðra verka, sköpunar og að láta gott af sér leiða.

### Gefðu allt sem þú átt

Á meðan meðbyr blæs  
gríptu þá þessa gæs.  
Á morgun mögulega allt er liðið hjá.  
Stefnirðu á næsta stig  
þú þarft að reyna á þig.  
Þú veist það stóðar lítt að bíða bara og sjá.

Svo gefðu allt sem þú átt.  
Ekkert án erfiðis fæst.  
Gefðu allt sem þú átt.  
Þannig markmiðið næst.  
Gefðu allt sem þú átt.  
Draumurinn getur ræst.

Þér fannst þú fjarri í gær  
en núna mjakast nær.  
Á morgun dyrnar munu glennast upp á gátt.  
Því ef þú gefur allt  
þú uppskerð þúsundfalt.  
Sá sigur er sætastur sem þú veist þú skilið átt.

Svo gefðu allt sem þú átt ...

Áður virtist það vandi.  
Þú núna færirst nær landi  
og þá er alveg sem það standi  
skrifað í skýin.

Svo gefðu allt sem þú átt ...

Lestu textann vel  
og vandlega.  
Hver eru skilaboð  
Jóns til þín?



Jón Jónson mælir spaklega í þessum texta.

- Finnið spakmæli og málshætti sem passa við innihald textans.
- Búið til spakmæli út frá texta Jóns.  
Dæmi: Ekkert án erfiðis fæst!  
Hannið veggspjöld með spakmælunum og hengið upp þar sem þau fá að njóta sín.
- Komið ykkur vel fyrir, stillið tónlistina í botn, syngið og gefið allt sem þið eigið!

# Málfarsmolinn

# Málfarsmolinn

## Bein og óbein ræða

### Bein ræða

Talað er um beina ræðu þegar **tilvitnun** er skrifuð nákvæmlega eins og hún var sögð eða skrifuð af öðrum. Tilvitnunin er höfð innan gæsalappa.

Dæmi: „Ég trúí á álfa og drauga,“ hvíslaði Svavar að Elísu.

Bjartmar kallaði: „Koma svo stelpur, þið eigið þennan leik.“

### Óbein ræða

Þegar einhver skrifar um það sem annar hefur sagt er það kölluð óbein ræða.

Dæmi: Svavar hvíslaði því að Elísu að hann tryði á álfa og drauga.

Bjartmar kallaði til stelpnanna að þær ættu þennan leik.

## Spreyttu þig!

Fáðu bekkjarfélaga þinn til að segja þér hvað hann gerði í gærkvöldi. Endursegðu sem beina eða óbeina ræðu.

„Var ég einhvern tímann búin að segja ykkur frá því þegar ég keypti talandi páfagauk sem kunni líka að þrjóna?“ sagði Grínhildur.



Grínhildur spurði hvort hún hefði einhvern tímann sagt ykkur frá því þegar hún keypti talandi páfagauk sem einnig kunni að þrjóna.




Finnið ykkur námsfélaga og æfið ykkur munnlega að breyta þessum málsgreinum úr óbeinni í beina ræðu. Ræðið hvar þið mynduð setja gæsalappirnar.

- Sigmar spurði Helga kennara hvort hann mætti fara á salernið.
- Kristín sagði að sér fyndist skemmtilegt að læra ný tungumál.
- Kolbrún spurði hvort hún ætti ekki að spila aftur lagið.
- Halli sagði Davíð að þeir hefðu misst af strætó.

# Lestu um NORNIR

## Galdrastelpur



Höfundur: Lene Kaaberbøl

„Ég heillaðist af þessum hressu galdrastelpum. Bækurnar eru fimm og hver galdrastelpa fær eina bók þar sem hún er aðalpersónan. Uppáhalds stelpan mín er Will, sem er foringi hópsins og gætir kristallsgríps. Hinar galdrastelpurnar hafa líka krafta. Höfundurinn hefur skrifað margar barna- og unglingabækur. Galdrastelpur eru líka útgefnar sem teiknimyndasögur.“


Steinunn Fry, 12 ára.

## Nornirnar

Höfundur: Roald Dahl

Bókin fjallar um enskan strák sem flyst til ömmu sinnar, sem er búsett í Noregi. Amman fræðir strákinn um nornir. Því maður þraukar ekki lengi í þessum heimi viti maður ekki hvernig þekkja skuli norn! Þrátt fyrir kennslu ömmu hittir drengurinn norn sem breytir honum í mús. Þá hefst ævintýrið! Ég get ekki sagt meira um bókina nema skemma spennuna #spoileralert.“

Hákon, 12 ára.



MATTHILDUR

KALLI OG SÆLGÆTISGERÐIN

DANNI HEIMSMEISTARI

JAKOB OG RISAFAERSKJAN

## Síðasti galdrameistarinn


Höfundur: Ármann Jakobsson

„Aðalpersónan Kári býr hjá göldróttum frænda sínum. Kára er ætlað að hlaupa í skarðið fyrir galdrameistara ríkisins. Hann þarf að leysa þrjár þrautir til að sanna sig sem væri örugglega ekkert erfitt ... nema hann kann barasta ekkert að galdra! Hann þarf að leita sér aðstoðar og við komumst fljótlega að því að hann er nú ekki mikil hetja. Skuld drottning, sem er sögð grimm og göldrótt, býst til innrásar. Þetta er spennandi og skemmtileg fantasía. Sannarlega stútfull af húmor.“

Guðrún Karítas, 13 ára.



## Nornafár



SETULIBID OG TARA

Höfundur: Ragnar Gíslason

„Ég átti að velja nornabók og fannst kápan á Nornafári drungaleg. Dagmar er aðalpersónan. Hún er fjórtán og nýflutt til Reykjavíkur úr þorpi. Hún fittar ekki inn í hópinn og er lögð í einelti af stelpugengi. Dagmar grunar að stelpurnar séu nornir sem beiti svartagaldri. Bókin er spennandi en líka dramatísk því Dagmar er einmana framan af. Hún kynnist stelpu, sem er líklega ekki af þessum heimi. Þær takast á við nornirnar og það reynir á taugarnar og mátt fyrirgefningar.“


Jónas Dagur, 13 ára.

Hver þessara bóka gætir þú hugsað þér að lesa og hvers vegna?

# Nornir!

Hugsið upp allar bækur sem ykkur detta til hugar þar sem nornum, göldrum, álögum, seiðkörlum eða öðru yfirnáttúrulegu bregður fyrir.





## Eru Grimmsævintýrin grimm?

Í þessum kafla munt þú:

- kynnast Grimmsævintýrum með áherslu á Mjallhvíti.
- kynnast hugtökunum sjónarhorn og tími.
- sjá hvernig Grimmsævintýrin hafa áhrif á önnur listaverk.
- fá sýnishorn af grimmð Grimmsævintýranna.



## Hvað eru Grimmsævintýri?

Eins og þið vitið þá eru til **ógrynni** af góðum ævintýrum, bæði gömlum og nýjum. Grimmsævintýrin eru þau ævintýri kölluð sem bræðurnir Jakob og Wilhelm Grimm söfnuðu í safnrit í upphafi 19. aldar. Meðal þeirra eru Hans og Gréta, Rauðhetta, Mjallhvít og dvergarnir sjö, Þyrnirós, Úlfur og kiðlingarnir sjö, Rapunzel og Bjarnarfeldur.



Við þekkjum líka fleiri ævintýri. Fjölmörg eru eftir danska skáldið H.C.Andersen. Þið kannist líklega við Prinsessuna á bauninni, Litlu hafmeyjuna, Nýju fötin keisarans, Eldfærin, Litla ljóta andarungann og Hans klaufa. Önnur þekkt evrópsk ævintýri eru t.d. franska ævintýrið Fríða og dýrið, ítalska ævintýrið um Gosa eftir Carlo Collodi og sagan um Lísu í Undralandi eftir Bretann Lewis Carroll.

Ævintýri gerast víða og hægt er að lesa framandi ævintýri í bókinni *1001 nótt*. Það er safn ævintýra frá m.a. Arabíu, Indlandi, Persíu og Egyptalandi. Þið þekkið kannski sögurnar um Alladín, Alí Baba og Sindbað sæfara. Þessi ævintýri koma öll fyrir í *1001 nótt*.

... og ekki má gleyma öllum  
**íslensku þjóðsögunum**  
 sem eru **ævintýri** líkastar.

## Mjallhvít og dvergarnir sjö

Ævintýrið hefst á því að móðir MJallhvítar deyr. Pabbi hennar, konungurinn, giftist aftur. Nýja drottningin er fögur en hrokafull. Hún á töfraspegil sem hún spyr reglulega: „Spegill, spegill, **herm** þú hver hér á landi fegurst er.“

Spegillinn svarar alltaf að hún sé fegurst. Alveg þar til MJallhvít verður sjö ára. Þá svarar hann að MJallhvít sé fegurst. Drottningin **arist** og sendir veiðimann með MJallhvíti út í skóg. Hann skal drepa hana og færa til sönnunar lifur hennar og lungu. MJallhvít sannfærir veiðimanninn um að sleppa sér lausri. Hún finnur hús þar sem sjö dvergjar búa. Þeir lofa henni að búa hjá sér **gegn** því að sinna heimilisstörfum.

Drottningin sér í töfraspeglinum að MJallhvít lifir. Í gervi gamallar sölukonu fer hún og sýnir MJallhvíti snúru. Hún þrengir snúruna um mitti MJallhvítar, sem missir andann. Drottningin fer fagnandi heim. Dvergarnir koma, skera á snúruna og bjarga MJallhvíti.

Þegar drottningin sér að MJallhvít er enn á lifi arkar hún af stað í nýju gervi. Hún tekur með eitradan hárkamb. MJallhvít skoðar kambinn. Drottningin notar tækifærið og rekur kambinn í höfuð hennar. Dvergarnir finna MJallhvíti **meðvitundarlausu** og bjarga henni aftur.

Drottningin verður brjáluð. Nú dulbýst hún sem bóndakona með eplakörfu. Henni tekst að fá MJallhvíti til að bíta í baneitrad epli. MJallhvít fellur í gólfið. Dvergarnir koma heim og sjá að MJallhvít er dáin. Þeir setja hana í glerkistu. Prins kemur og biður um gistingu. Hann sér MJallhvíti og verður ástfanginn við fyrstu sýn. Dvergarnir lofa honum að taka kistuna. Á leiðinni í höllina hrasar einn þjónninn sem ber kistuna og eplabitinn hrekkur upp úr MJallhvíti. Prinsinn segir henni alla söguna og **biður hennar**.

Á meðan á brúðkaupsveislunni stendur upplýsir spegillinn drottninguna um að unga drottningin sé nú fegurst. Drottningin fer í veisluna og tryllist þegar hún sér að unga drottningin er MJallhvít. Drottningin er neydd í járnskó, sem legið höfðu í eldi, og látin dansa í þeim þar til hún dettur niður dauð.

## Sjónarhorn

Höfundur segir söguna frá ákveðnu sjónarhorni. Flestar sögur eru sagðar í 1. eða 3. persónu.

- Í 1. persónu frásögn segir sögumaðurinn sjálfur frá því sem gerist. Til dæmis eru dagbækur skrifaðar í 1. persónu. Dæmi: Þegar ég vaknaði var enginn heima. Mig langaði í morgunkorn en ég náði ekki upp í skápinn þar sem pakkinn er geymdur ...
- Í 3. persónu frásögn lýsir sögumaðurinn því sem aðrir gera. Dæmi: Þegar hann/hún vaknaði var enginn heima. Hann/Hana langaði í morgunkorn en náði ekki upp í skápinn þar sem pakkinn var geymdur ...
- Alvitur sögumaður segir lesandanum hvað persónur í bókinni eru að gera og hugsa.

Skoðum söguna um Mjallhvíti. Þar segir sögumaðurinn okkur frá því hvað drottningin og Mjallhvít gera og hugsa. Sagan er sögð í 3. persónu og sögumaðurinn er alvitur.

Skrifaðu stutta lýsingu í 3. persónu um það þegar veiðimaðurinn fékk skipun drottningar um að fylgja Mjallhvíti út í skóg og drepa hana.

Notaðu punktana til að hjálpa þér af stað:

- Hvernig leið veiðimanninum þegar hann fékk verkefnið?
- Lýstu ferðalagi hans og Mjallhvítar inn í skóginn. Hvernig leið honum þegar Mjallhvít baðst vægðar?
- Hvernig gekk á leiðinni heim? Hvað gerði hann? Hvernig leið honum?
- Hvernig tók drottningin á móti honum við heimkomu?



## Tími sögunnar

Þegar tími bókmenntatexta er skoðaður er tveimur spurningum varpað fram:

1. Á hvaða tíma gerist sagan? Í fortíð, nútíð eða framtíð? Vitum við nokkurn veginn ártalið? (Bókmenntahugtakið er **ytri tími**).
2. Á hve löngum tíma gerist sagan? Er farið yfir heila mannsævi, eitt ár, eina viku eða jafnvel einn dag eða klukkutíma? (Bókmenntahugtakið er **innri tími**).

Hvenær skyldi sagan um Mjallhvíti hafa gerst? Á hve löngum tíma gerist sagan?



### Hreyfileikni

Nú reynir á tjáningu ykkar án orða. Finnið ykkur einn til tvo hópfélaga.

Leikið án orða eftirfarandi brot úr Mjallhvíti:

- Þegar drottningin kallar veiðimanninn til sín, segir honum að drepa Mjallhvíti og koma með lifur og lungu úr henni til sönnunar.
- Þegar dvergarnir finna Mjallhvíti heima hjá sér og ákveða að leyfa henni að gista.
- Þegar drottningin kemur í þrígang í hús dverganna og kemst að því að Mjallhvít sé enn á lífi.
- Þegar Mjallhvít liggur í glerkistunni, dvergarnir syrgja og prinsinn kemur og kyssir hana.
- Þegar drottningin kemur í brúðkaupsveisluna, sér Mjallhvíti og prinsinn.

Vissir þú að þegar Grimmsbræður skrifuðu fyrst niður söguna um Mjallhvíti var drottningin móðir hennar? Það **féll ekki í góðan jarðveg** og því var ákveðið í næstu útgáfu að hún væri stjúp móðir hennar.

## Ég er undir þínum áhrifum

Ævintýri Grimmsbræðra eru uppspretta margra annarra listaverka. Sögur, ljóð, þættir, kvikmyndir, málverk og brandarar eru meðal þeirra verka sem innihalda **vísanir** í Grimmsævintýrin.

### Bókmenntir


**Augljóst** dæmi er bókaflokkurinn um Grimmssystur. Þar segir frá systrunum Sabrínu og Dagnýju sem hafa þvælst á milli fósturfjölskyldna eftir að foreldrar þeirra hurfu á dularfullan hátt. Amma þeirra birtist óvænt og sækir um **forræði** yfir þeim. Hún segir þeim að Vilhjálmur, annar Grimmsbræðra, sé langalangalanga-langafi þeirra. Fljótlega í fyrstu bókinni rænir risi ömmu og við tekur skemmtilegt ævintýri þar sem persónur úr þekktum ævintýrum og sögum **poppa upp**. Sem dæmi leita systurnar til Jóa, oft kenndan við baunagras, eftir aðstoð. Þær finna töfraspegil drottningarinnar í húsi ömmu sinnar, rekast á grísina þrjá sem eru svinslegir lögreglumenn og Mjallhvíti sem er grunnskólakennari Dagnýjar. Sagan um Grimmssystur gerist rétt fyrir utan New York borg og á okkar tíma. Þannig hefur höfundurinn nýtt sér persónur úr þekktum ævintýrum en breytt um tíma og söguvið.

#### ...VÍSUN ER:

- Þegar vitnað er í hluta af þekktum texta, ljóði eða atburði.
- Lesandinn þarf að þekkja til eða kannast við textann til að skilja vísunina og samhengið í þeim texta sem verið er að lesa.
- Algengt er að vísa til dæmis í ævintýri og þjóðsögur. „Mér líður eins og stjúpunni þegar hún leit í spegilinn ...“



*Tvær fyrstu bækurnar í bókaflokknum hafa verið þýddar á íslensku.*



## Kvikmyndir

Ef við höldum áfram að tala um Mjallhvíti og sjónarhorn þá eru að minnsta kosti tvær kvikmyndir sem sagðar eru út frá sjónarhorni veiðimannsins.

Fyrri myndin heitir *Mjallhvít og veiðimaðurinn* (e. *Snow White and the Huntsman*) og seinni myndin heitir *Vetrarstríð veiðimannsins* (e. *The Huntsman Winter's War*). Myndirnar fylgja ekki söguþræði Grimmsævintýranna en nýta sér persónusköpunina og byrjun atburðarásar sögunnar.

Til að nefna aðra mynd sem byggir lauslega á sögunni um Mjallhvíti er hægt að benda á myndina *Sydney White*. Í fyrsta lagi er titillinn bein vísun í enska heiti Mjallhvítar. Annað sem speglar sögu Grimmsbræðra er að móðir Sydney er látin. Því ákveður stelpa að fara í sama framhaldsskóla og mamma hennar. Þar kynnist hún sjö óvinsælum nemendum og saman reyna þau að lækka **rostann** í aðalskvísunni í skólanum (drottningunni).


Mjallhvít er ekki eina kvikmyndin sem hefur sótt í brunn Grimmsævintýranna. Árið 2005 kom út myndin *Grimmsbræðurnir* (e. *The Brothers Grimm*). Hún fjallar um svikahrappana Jake og Will Grimm sem ferðast á milli bæja og sannfæra bæjarbúa um að þeir geti verndað þá fyrir galdraverum og ófreskjum.

## Þættir

Þáttagerðamenn hafa líka litið til Grimmsævintýranna.

Þættirnir *Einu sinni var* (e. *Once upon a time*) nýta bæði Grimmsævintýrin og önnur þekkt ævintýri og tengja þau við nútímann.

Og ef þú þorir þá eru þættirnir *Grimm* fyrir þig. Aðalpersónan er lögreglumaður og síðasti afkomandi Grimmsbræðra. Í hverjum þætti berst hann við óhugnað og óvætti úr ævintýrum. Þættir sem ekki ætti að horfa á í myrkri og alls ekki fyrir viðkvæma!



Rifjið upp allar kvikmyndir og þáttaraðir sem þið hafið séð sem byggja á einhverju ævintýri.



## BRANDARAR

Ófáir brandarar hafa orðið til í kringum  
Grimmsævintýrin. Hafid þið t.d. heyrt þennan:

Af hverju varð Öskubuska  
að hætta í fótbolta?  
Hún var alltaf að missa af sér skóna.

Sími, sími segðu mér,  
hve mörg „læk“ ég fæ  
frá þér.



**Í VINNUBÓKINNÍ  
FINNUR ÞÚ MEIRA  
GRÍN OG GLENS.**

## Hvar er grimmdin?

Walt Disney **endursagði** mörg Grimmsævintýri í teiknimyndum. En þegar ævintýrin eru lesin í upprunalegu útgáfunni sést að Disney hefur aldeilis mildað þau.

Árið 2015 kom út á íslensku bókin *Grimmsævintýri fyrir unga og gamla*. Þar endursegir Philip Pullman ævintýrin eins og þau komu frá Grimmsbræðrum upphaflega. Á eftir hverju ævintýri er **viðauki** frá höfundi þar sem hann kemur til dæmis inn á það hvernig Disney breytti sögunum. Óhætt er að mæla með þessari bók fyrir alla sem vilja ævintýrin beint í æð, með öllum óhugnaðinum sem þeim fylgja.



Í Disney myndinni um Mjallhvíti sendir drottningin veiðimanninn af stað til að drepa Mjallhvíti. Hún biður hann um að færa sér hjarta hennar til sönnunar í öskju. Þegar drottningin spyr spegilinn næst heldur hún á öskjunni en í reiðikasti yfir að Mjallhvít sé á lífi hendir hún henni frá sér. Kíkjum í bókina *Grimmsævintýri fyrir unga og gamla* og lesum hvernig þetta var í upprunalegu sögunni:

Í sömu svifum kom ungur **göltur** hlaupandi gegnum runnagróðurinn. Veiðimaðurinn drap hann, skar úr honum lungu og lifur og fór með hvort tveggja til drottningar sem sönnun þess að Mjallhvít væri dáin. Kokkinum var falið að krydda **iðrin** vel, velta þeim upp úr hveiti og steikja þau, síðan át vonda drottningin þau upp til agna. Þar með, hugsaði hún með sér, var búið að afgreiða Mjallhvíti.

Hjá Disney deyr drottningin við það að hrapa niður af klettasyllu á meðan Mjallhvít hefur beina aðkomu að dauða hennar í upprunalegu útgáfunni. Disney sýnir líka dvergana á gamansaman hátt. Þeir eru líkastir litlum börnum með skegg, fá skondin skírnarnöfn og persónuleika og syngja við vinnuna. Í bókinni eru þeir vinsamlegir, nafnlausir og við sjáum þá sem hóp en ekki einstaklinga. Annað sem er ólíkt er að Mjallhvít er umvafin dýrum í myndinni. Hún er sjaldnast ein því fuglar, dádýr og kanínur dansa kátar í kringum hana og aðstoða við heimilisstörfin.



Í Öskubusku má lesa um það hvernig hálf systur Öskubusku skáru af sér tá og hæl til að reyna að passa í skóinn þegar prinsinn bar að bæ. Sagan endar á því að dúfur plokka úr þeim augun. Disney sleppti þessu í teiknimyndinni.

Að lokum skulum við kíkja á eitt dæmi um það hversu grimm Grimmsævintýrin geta verið:

„Hvaða refsingu á slík manneskja að fá?“


Falska brúðurin sagði: „Hún á ekkert betra skilið en að vera flett klæðum og sett nakin í tunnu sem alsett er að innan með oddhvössum nöglum. Svo ætti að beita tveim hvítum hestum fyrir tunnuna og láta þá draga hana fram og aftur eftir götum þangað til hún dræpist.“

„Þetta ert þú sjálf,“ sagði gamli kóngurinn. „Þú hefur kveðið upp þinn eigin dóm. Allt sem þú lýstir skal gert við þig.“

Og þegar dóminum hafði verið fullnægt kvæntist konungssonurinn sinni réttu brúði og þau ríktu í landi sínu í friði og sælu.

Endirinn í sögunni *Gæsastúlkan*

Nú vitum við ýmislegt um Grimmsævintýrin. En eitt verðum við þó að vita áður en við kveðjum þá bræður. Jón Árnason, sem safnaði saman þjóðsögum hér á Íslandi, var **samtímamaður** þeirra bræðra. Undir áhrifum Grimmsævintýranna fór Jón að safna **munnmælasögum** í rit.



Í fyrrnefndri bók *Grimmsævintýri fyrir unga og gamla* hefur þýðandinn, Silja Aðalsteinsdóttir, bætt við íslenskum þjóðsögum sem hafa samhljóm með Grimmsævintýrum. Og ef þið eruð að velta því fyrir ykkur hvort það sé til íslensk útgáfa af Mjallhvíti, þá er svarið já! Sagan af Vilfríði Völufegri er sláandi lík sögunni um Mjallhvíti.

# Einu sinni var ...

Nú er komið að þér að skrifa safaríkt og spennandi ævintýri sem vekur jafnvel upp dálítinn hrylling. Það er óþarfi að svitna við tilhugsunina ... nema svitinn stafi af tilhlökkun og eftirvæntingu að fá að byrja. Þú hefur nú öll verkfærin í höndunum sem þarf til að skrifa góða sögu.

Byrjaðu að punkta niður hjá þér upplýsingar um:



# 1

- a.** Persónurnar þínar. Hver er aðalpersónan? Hvernig lítur hún út? Hvaða persónuleika hefur hún? Er hún góð/slæm/misskilin? Er hún hugrökk/huglaus? Fleira sem kemur upp í huga þinn? Hverjar eru aukapersónurnar?
- b.** Hvar gerist sagan þín? Hvert er sögusviðið? Vertu með umhverfið á hreinu í huganum, þá er svo auðvelt að lýsa því fyrir lesanda.
- c.** Hvenær gerist sagan þín? Er þetta nútímasaga/fortíðarsaga/framtíðarsaga? Hvað á hún að gerast á löngum tíma? Klukkutíma/viku/mannsævi?
- d.** Hver er uppbyggingin á sögunni? Hvað þarf að koma fram í upphafi? Hver er atburðarásin? Hvernig endar sagan, hver er lausnin?

# 2

Núna þegar grunnurinn liggur á blaði hjá þér skaltu skrifa söguna. Lestu hana vel yfir og flettu upp orðum sem þú ert ekki viss um hvernig eru skrifuð.

Komið? Glæsilegt hjá þér. Núna skaltu finna þér námsfélaga. Þið lesið yfir sögu hvort hjá öðru og hjálpið námsfélaganum að laga textann ef þess þarf með. Betur sjá augu en auga og það er alltaf góð regla að fá aðstoð við yfirllestur.

3

Sögustund bekkjarins. Nú leggur þú vel við hlustir og hlýðir á öll ævintýrin sem bekkjarsélagar þínir skrifuðu. Þegar komið er að þér að lesa upp skaltu muna eftir öllum æfingunum sem þú gerðir í fyrsta kafla. Og mundu ... það er mikilvægt að njóta þess að leyfa öðrum að hlusta á þína sögu.

4


Hlustaðu af athygli á bekkjarsélag þína. Vertu tilbúin/n með a.m.k. eitt hrós um framsögn eða söguna sjálfa að flutningi loknum.

Hlustaðu!

# Lestu EPÍSK ÆVINTÝRI

## Ferðin til Samiraka

Höfundur: Harpa Jónsdóttir



„Bókin kom mér á óvart. Ég hélt að ég væri að fara lesa venjulega ævintýrasögu en þessi er sko ekki venjuleg. Aðalpersónan Sigrún er nýflutt til Ísafjarðar þegar hún heyrir seiðandi söng sem lokkar hana niður í fjöru. Söngurinn berst frá undarlegu fólki sem býr í hellum í heimi sem kallast Samiraka. Fólkið er í felum fyrir óvinum sínum, Brautryðjendunum. Sigrúnu er ætlað að gerast njósnari meðal óvinanna og komast að því hvernig þeim tekst að stjórna hugsunum fólks. Hörkuspennandi!“


Hekla 13 ára.

## Drauga-Dísa

Höfundur: Gunnar Theodór Eggertsson

„Aðalpersónurnar eru tvær en þær eru ekki uppi á sama tíma. Dísa er 14 ára og býr í Reykjavík nútímans og Björn býr á bóndabæ í kringum árið 1700. Þau eiga ýmislegt sameiginlegt, verða til dæmis bæði fyrir stríðni og áreiti frá fólki í kringum sig. Nokkurs konar tímaflakk verður til þess að leiðir þeirra liggja saman. Þetta er rosalega spennandi saga með mjög óvæntri atburðarás sem heldur manni föstum við lesturinn.“

Amir 13 ára.



Epík merkir að sagan sé byggð upp með sögulegu efni, þ.e. það sem gerist í sögunni getur mögulega hafa gerst áður fyrr.

## Gegnum glervegginn

Höfundur: Ragnheiður Gestsdóttir


„Prinsessan Áróra er þrettán ára og býr í glerhvolfi. Hún hefur alltaf átt heima þar og hefur allt til alls. Nema fólk. Hún fær aðeins skilaboð frá foreldrum sínum og kennurum í gegnum skjái. Dag einn finnur hún Rökkva, slasaðan inni í hvolfinu. Hún hjálpar stráknum og ákveður að elta hann út. Rökkvi neyðist til að hjálpa henni því hún veit lítið um heiminn. Og í ljós kemur að hann er ekkert í líkingu við það sem henni hafði verið talin trú um. Æðisleg bók. Nútímaævintýri.“

Magnea Sól 12 ára.



## Mórún – í skugga Skrattakolls

Höfundur: Davíð Þór Jónsson



VÍSUR FYRIR VONDA KRAKKA  
ORRUSTAN UM FOLD

„Mórún Hróbjarts er álfamær sem aðstoðar volduga systrareglu við að vernda leyndardóminn á botni Sviðnavatns. Leyndardómurinn er svo rosalegur að ef hann fellur í rangar hendur gæti það táknað endalok allra vitaborinna kynþátta. Í systrareglunni eru skrautlegar persónur af öllum kynþáttum; tröll, álfar, menn, svartálfar og dvergar. Óvinurinn er í fyrstu ósýnilegur en eftir að Mórún gengur í málið hefst bardaginn fyrir alvöru. Þessi bók er frábær og ég vona að Mórún snúi aftur í fleiri sögum.“

Róbert Andri 14 ára.

Hver þessara bóka höfðar mest til þín? Hvað er það sem vekur athygli þína? Söguefnið, bókarkápan, höfundurinn eða eitthvað annað?

Hvaða bók höfðar minnst til þín? Hvað er það sem þér þykir óspennandi við þessa bók? Finndu bókina á bókasafninu. Lestu 30 blaðsíður í bókinni. Hefur skoðun þín á bókinni breyst? Langar þig að lesa meira?

# Lestu epísk ævintýri!

# Stafsetningarsjónaukinn

## Um y, ý og ey


**Af hverju í ósköpunum  
notum við tvo ólíka stafi  
fyrir sama hljóðið í íslensku?  
Hvað segir Vísindavefurinn?**

Í elstu íslensku voru *i* og *í* greind frá *y* og *ý* í framburði. Fyrri hljóðaparið var ókringt en hið síðara kringt. Talið er að *i* og *y* annars vegar og *í* og *ý* hins vegar hafi fallið saman á árunum 1450–1550. Það sem gerðist var að *y*, *ý* voru ekki lengur borin fram sem kringd hljóð eins og t.d. má heyra í dönsku heldur ókringd eins og *i*, *í*.

Í stuttu máli:  
Hér áður fyrr var **i** borið  
fram [i] en **y** hljómaði meira  
eins og [uj].

- Þegar **o**, **u** eða **ju** er í stofni orðsins eða skyldum orðum skal skrifa **y**.  
Dæmi: fro**st** – fry**sta**    gu**ll** – gy**llir**    bj**u**ggur – by**ggja**
- Þegar **ú**, **jú** eða **jó** er í stofni orðsins eða skyldum orðum skal skrifa **ý**.  
Dæmi: sn**ú**a – sn**y**    fj**ú**ka – f**y**kur    fl**jó**tur – fl**y**tir
- Þegar **au** er í stofni orðsins eða skyldum orðum skal skrifa **ey**.  
Dæmi: dra**u**mur – dre**y**ma    tau**u**mur – te**y**ma    bra**u**t – bre**y**ta






Til eru þeir sem vilja að  
y eða ý verði tekið úr tungumálinu.

Aðrir vísa í að munur á i, í og y, ý  
gefi vísbendingar um uppruna orða og  
leiðinlegt væri að tapa þeirri þekkingu.

Og hvað með orð sem breyta um merkingu  
eftir rithætti líkt og fýll, fill, neita,  
neyta og minni, mynni?



Ræðið og listið upp kosti og  
galla þess að nota y og ý.



Mörgum **reynist** erfitt  
að vita hvenær skrifa eigi i eða í,  
y eða ý því ekki er að **heyra** neinn mun  
á framburði. **Fyrir** þá er best að **byrja** á að  
leggja á minnið algengustu y, ý og ey orðin.  
Orð eins og t.d.: **systkini, fjölskylda, syfja,**  
**fylla, syngja, ský, brýtur, flýgur, nýja.**  
Einnig getur **reynst** vel að semja orðavísur:

Kynstur, byssa, myrkur, mý,  
mýkja, nýta, þreyta,  
mynstur, hryssa, styrkur, strý,  
strýkja, flýta, breyta.

Gyða skynsöm byggir brýr,  
Brynjar hygginn dyra knýr,  
hryggðin gleymist, fýlan flýr  
fyndin systkin, býsna skýr.



Allir hjálpast að og fylla töfluna í  
skólastofunni af y, ý og ey orðum.  
Vinnið með námsfélaga og semjið  
a.m.k. tvö erindi af orðavísunum þar sem  
einungis koma fyrir orð af töflunni.  
Hengið orðavísurnar upp á áberandi  
stað svo aðrir geti notið þeirra.




## Af máli má manninn þekkja

Í þessum kafla er fjallað um:

- mátt tungumálsins.
- mikilvægi orðaforða.
- mismunandi málsnið.
- málfræði.



## Megi máttur tungumálsins ætið vera með þér!



Sérðu þennan?  
Þetta er hann Mimmi.  
Hann er ekki kátur.  
Það er eins og eitthvað **angri** hann.  
Það mætti halda að hann sé **gramur**.

Eins og hann sé leiður eða reiður. Líkt og hann langi að segja einhverjum rækilega til **syndanna** eða fá hressilega útrás fyrir tilfinningar sínar.

En það getur hann bara alls ekki. Ja, reyndar gefur hann okkur vísbendingar. Hann gefur frá sér reiðileg hljóð, hoppar upp og niður, ber sér á brjóst eða öskrar vígalega. Og við **skynjum** samstundis að eitthvað angrar hann. En hvað? Er hann beittur óréttlæti eða hefur hann sterkar skoðanir sem hann þarf að tjá? Það getum við ekki vitað fyrir víst því Mimmi talar ekki eiginlegt tungumál.

Spakmælið um pennann  
og sverðið er þekkt á  
mörgum tungumálum.  
Hvað er átt við?  
Ályktið og ræðið!

**„Penninn er beittari  
en sverðið!“**



Mimmi fær mannamál í  
5 mínútur og nær að tjá sig.  
Hann þarf að koma ýmsu á  
framfæri og biður ykkur um  
að skrá það niður. Skrifðið  
hratt því tíminn er naumur!  
Hvað er að hrjá Mimma?



Tungumálið er töfrum líkast. Nokkurs konar mannlegur ofurkraftur. Kraftur sem gerir okkur kleift að segja sögur, tjá hugsanir og skoðanir, skilja aðra, miðla þekkingu, hrósa eða benda á það sem betur má fara. En eins og með aðra góða ofurkrafta þarf að læra að fara með þá svo maður geti nýtt þá til góðra verka.

En hvernig verður maður ótrúlega góður í tungumálinu? Hvernig þjálfar maður ofurkraftinn svo hann nýtist manni vel á lífsleiðinni? Svarið er í raun einfalt.



**ÆFÐU ÞIG! LESTU! LÆRÐU NÝ ORÐ!  
HLUSTAÐU! TALAÐU! SKRIFAÐU!  
BÚÐU TIL NÝ ORÐ!  
LEIKTU ÞÉR MEÐ TUNGUMÁLIÐ!**

Og svo sakar ekki að vita svolítið um uppbyggingu tungumálsins og hvaða reglum það fylgir. Það gerir þig bara betri! Skoðum nú betur þrjá þætti sem munu án efa auka tungumátt þinn til muna:

RÍFLEGUR ORÐAFORÐI.

HAFNA TILFINNINGU FYRIR MISMUNANDI MÁLSNIÐI.

ÞEKKING Á MÁLFRÆÐI.

## Mismunandi málsnið

Eitt af því sem gott er að vita um tungumál er að það hefur ólíkar birtingarmyndir. Þá er átt við að þú getur talað eða skrifað um um sama efni á mismunandi hátt, allt eftir tilefni eða **viðmælanda**. Stundum er talað um málsnið á máli.

### Skoðum dæmi um hvernig talmál Nínu breytist eftir því við hvern hún talar.



Ég ætla að kynna fyrir ykkur þessa bók. Hún er ... vel skrifuð, mjög spennandi og stundum þínu hénna, óhugnaleg. Ég mæli sko alveg með'enni.



Jú, mér fannst hún rosalega góð sko. Hún var svo spennandi að ég gat sko ekki hætt að lesa. Er til framhald?



Djáðu fínu bókina! Hún er svooooo spennó. Á Nína að lesa fyrir brósa?



Ég er að segjaðérða Magga, þetta er geggjúð bók skilluru. Brjáluð spenna og krípi karakterar. Lest'ana!

Sama er hægt að segja  
um **RITMÁL**.  
Þú skrifar féлага þínum  
á annan hátt en t.d.  
skólastjóranum. Skoðum dæmi:



ÉG MÓTMÆLI  
OF MIKLU  
HEIMANÁMI.



Hæ pabbi!  
Gerði ekki heimanámið. Sorrí.  
Þurfti að hitta Nínu. Þetta er  
líka too much heimanám fyrir  
mig. Hef bara ekki tíma í það.  
Kveðja – Matti.

Matti bloggar:

### Heimanám dauðans

Nú get ég ekki orða bundist lengur. Ég hreinlega verð að segja nokkur vel valin orð um heimanám. Og ég fullyrði að ég tala fyrir hönd allra unglinga á Íslandi þegar ég segi: Heimanám er að rústa félagslífi mínu! Unglingar í dag eru orðnir þrælar námsins. Sitja við lærdóm alla daga frá morgni til kvölds. Og til hvers? Mun ég nokkurn tíma fá þennan tíma til baka? Græði ég eitthvað á þessu? Nei, ég tapa. Ég missi af æfingum, dagskrá í félagsmiðstöðinni, sjoppuferðum og hangsi á körfuboltavellinum. Ég næ ekki að leggja mig á daginn og missi tölvutíma reglulega, allt út af heimanámi. Er ekki nóg komið? Ég bara spyr ...

Kæri skólastjóri,

Ég sendi þér þetta bréf í þeirri von að vekja þig og þitt starfsfólk til umhugsunar um hvaða áhrif heimanám hefur á líf mitt.

Þannig er að ég hef mörg áhugamál sem ég þarf að sinna, helst á hverjum degi.

Heimanám er ekki þar á meðal en það tekur hins vegar frá mér mjög mikilvægan tíma sem ekki verður endurheimtur.

Ég óska hér með eftir breytingum á heimanámi mínu. Gótt væri ef það yrði minnkað verulega en besta mögulega útkoma væri að það hyrfi alveg.

Með von um skjót viðbrögð,

Kveðja,

Matthías

Skoðið dæmin á opnunni. Ræðið og rýnið.

- Skoðið hvernig Matti breytir um stíl eftir því hverjum hann skrifar. Hvað er það sem breytist helst milli texta?
- Berið saman talmál og ritmál hjá Ninu og Matta.
  - ✓ Hvenær er lítill munur milli stíla?
  - ✓ Takið þið eftir einhverju sem er einkennandi fyrir talmál eða ritmál?
  - ✓ Hvenær er málið formlegt og hvenær óformlegt?

## Ertu orðfær?

Sá sem býr yfir **ríkulegum** orðaforða getur leikið sér endalaust að tungumálinu. Skoðum dæmi. Eftirfarandi textar eiga margt sameiginlegt en eru þó eins ólíkir og hugsast getur.

### Rýnum í ritmál

Lesið textana hér að neðan og á næstu síðu og svarið eftirfarandi spurningum: Hvers konar texti er þetta? Er málsniðið formlegt eða óformlegt? Er þetta talmál eða ritmál?



### Útíklóið

Geiri Egils – 8. KÁ

Ég fór stundum í heimsókn í sveitina þegar ég var lítill. Þar bjó hún Kristín, frænka mín með manninum sínum sem hét Knútur og afa gamla. Þau voru alveg frábær og þar var geðveikt gott að hanga, sérstaklega þegar Kristín bjó til egg á pönnu. Ummm, man enn hvað þau voru góð.

Í sveitinni lærði ég að pissa úti. Það var þegar ég var að hjálpa Knúti með kindurnar. Þá nennti maður ekki að hlaupa á klóið. Knútur kenndi mér að fara bara á bak við fjárhúsin og pissa.

Hann gerði það sjálfur sko. Sagði að það væri gott fyrir gróðurinn. Og afi gamli, hann var rosalegur. Hann sýndi mér til dæmis hvernig ætti að pissa úti þegar það væri ógeðslega kalt. Í stuttu máli á að nota hendurnar en ekki meira um það. Það er líka hrikalega mikilvægt að pissa ekki með vindinn á móti sér. Það er... ja ég mæli ekki með því.

Nú pissa ég alltaf úti af og til. Hef ekki getað hætt því. Sérstaklega er það hressandi í roki og kulda. Stundum geri ég myndir eða skrifa eitthvað með... þú veist... pissinu.

En hei! Ekki misskilja mig sko. Ég nota alveg klóið líka. Stundum.

## Út í veður og vind

Ég legg metnað minn í það að míga úti og í **mannskaðanum** varð ég undir vegg. Í Stangarholti **kúldrast** ég hjá Knúti og Kristínu sem **spælir** okkur egg

*Óóó, út í veður og vind.  
Óóó, vatns ég lita mynd,  
undan vindi.*

Ég migið hef í mörgu dimmu skoti og meira að segja bak við hús hjá þér. Þótt nýtískuleg salernin ég noti er **neþjan** betri til **að hægja á sér**.

*Óóó, út í veður og vind.  
Óóó, vatns ég lita mynd.*

Afi kenndi mér sem ungum pilti aldrei **að láta deigan síga**. Og þegar kuldinn **kvikasilfrið** fyllti hann kenndi mér í lófana að míga.

*Óóó, út í veður og vind.  
Óóó, vatns ég lita mynd.  
Og eftir því sem árin færast yfir,  
takk fyrir.*

Lag og texti: Valgeir Guðjónsson og Egill Ólafsson

Auktu orðaforða þinn t.d. með því að gera krossgátur, lesa alls konar texta, hlusta á þætti á Rás 1 eða horfa á fréttir og aðra íslenska þætti í sjónvarpinu.



### Textarýni

- Lesið báða textana. Hvers konar texta er um að ræða?
  - Hvað er líkt með þeim? Hvað er ólíkt?
  - Finnið samheiti í textunum.
  - Höfundar lýsa svipaðri reynslu en gera það á ólíkan hátt. Finnið dæmi.
  - Hvor textinn notar fjölbreyttari orðaforða að ykkar mati? Finnið dæmi.
  - Annar textinn telur helmingi fleiri orð en hinn. Segir orðafjöldi endilega til um gæði texta?
  - Eru orð eða orðasambönd í textunum sem þið ekki skiljið?
    - ✓ Giskið á merkingu þeirra og flettið svo upp í orðabók.
  - Hvor textinn fannst ykkur:
    - ✓ skemmtilegri?
    - ✓ auðveldari?
    - ✓ flottari?
- Rökstyðjið skoðun ykkar.



# Mismunandi málsnið í textum

## HVAÐ MERKIR ORÐIÐ EVRÓPA?

1

Evrópa er grískt orð sem merkir breið ásjóna eða andlit en hugtakið á rætur í grískri orðræðu á fornöld. Elsta dæmið um notkun þess sem sérnafns mun vera á læk sem var við véfréttina í Dodona í Epirus en finna má örnefni skyld því víða á meginlandi Grikklands. Ætla má að upphaflega hafi Evrópa verið gyðja í trúarbrögðum Pelasga, það er þeirra sem byggðu Grikkland á undan Akkeum, og ýmsar vísbendingar eru til sem tengja þessa gyðju við helgidýrkun í Dodona. Þar var einnig til karlkyns goðið Euryope sem rann að lokum saman við Seif. Í elstu heimildum merkir hugtakið meginland Grikklands gagnstætt eyjunum á Eyjahafi.

A En, Óli. Heitir aðalsöguhetjan bara Stefán?

Ekkert krúttlegt millinafn eins og Snær eða Andri?

Ó Nei.

A En hver er Stefán?

Ó Hann er unglingur.

A Já, ég veit, en hver er tilgangur Stefáns?

Ó Tilgangur? Rólegur, Arnór! Þú getur allt eins spurt:

Hver er tilgangur lífsins?

A Góð spurning: Hver er tilgangur lífsins?

Ó Sumir segja að tilgangur lífsins sé að fjölga sér.

En ég held að það gildi ekki um unglinga því unglingar

eru mjög lítið í því að fjölga sér. Ert þú að fjölga þér?

Ég er að minnsta kosti MJÖG langt því frá að fjölga

mér. Þannig að tilgangur unglinga er einhver annar

en að fjölga sér ...

2

A Stundum finnst mér eins og eini tilgangur unglinga sé

að vakna snemma á morgnana til að fara í skólann ...



**LEYNDARMÁL**

Glitrar næturdögg og geng ég þar með henni  
grátur hvítvoðungs nú berst frá rauðu húsi.  
Læðast refahjón og lafir bráð úr kjafti  
lerkiskógurinn hann fær nú margt að vita.

Þegar kóngurinn er með kross í hendi  
koma hersveitir til að ná í skammtinn  
svalir nátthrafnar sjá að nú er færi  
sjúkleg árátta fær þá til að virka.

3

4

Hún kinkaði kolti um leið og hún táraðist. Hún var að fara að grenja.  
Gott. Hún var búin að láta mig grenja í þrjár vikur og nú var röðin  
komin að henni. Afmælið mitt var eftir viku og það varð að vera full-  
komið. Ég varð að ná að loka þessu máli fyrir það. Ég losaði hnútinn  
aftan á hnakkanum á henni og um leið og hún var laus við viskustykkið  
úr kjaftinum sagði hún kjökrandi:

„Stella mín, hvað ertu að gera? Af hverju læturðu svon ...“

„Uss! Það er ég sem spyr spurninganna hér!“ hrópaði ég. Ég ætlaði ekki  
að hrópa. Ég ætlaði að vera róleg og yfirvegud og fá svör frá þessari  
klikkuðu mömmu minni. Svör við því hvernig hún hefði getað svikið  
mig svona.

**HÆ!**

Nennirðu að skjótast fyrir mig í  
íþróttahúsið á leiðinni heim og kippa  
með þér töskunni minni. Gleymdi  
henni í morgun. Hún er annað hvort  
í klefanum eða í anddyrinu.

Takk og bæ.

5

Textabrotin á bls. 94–95 tilheyra eftirfarandi verkum.

- Ásgeir Trausti – lagatexti af plötunni *Dýrð í dauðarþögn*.
- Brot úr skáldsögunni *Mamma klikk* eftir Gunnar Helgason.
- Svar af Vísindavefnum.
- Skilaboð sem annar höfundar bókarinnar sendi hinum í tölvupósti.
- Brot út bókinni *Leitin að tilgangi unglingsins*.

Ræðið og parið saman texta og verk og berið saman niðurstöðurnar.



**Bara  
tala  
ekki  
skrifa!**



Jæja, gekk þetta ekki bara vel hjá ykkur? Hvaða texta var erfiðast að greina? Var einhver texti sem ruglaði ykkur í ríminu?



Vel gert börnin góð. Nú ættuð þið að grípa vinnubókina, finna bls. 80 og æfa ykkur í að skrifa með ólíku málsniði.



Hvað kemur upp í hugann þegar þið heyrði orðið málfræði? Nefnið allt sem ykkur dettur í hug!




## Hvað veistu um málfræði?

# Ohhhhh...

Hver var að **andvarpa** svona ofsalega? Varst það þú? Æ, greyjið mitt. Vex málfræðin þér svona í augum? Sussuss hafðu engar áhyggjur. Ekki ætla ég að gera úr þér orðhlutafræðing með doktorsgráðu í setningafræði. Ekki strax alla vega. Nei, sjáðu til, fyrst ætla ég að fá að segja örfá orð um einfalda íslenska málfræði. Það **skaðar** nefnilega engan að kunna eilítið fyrir sér í málfræði. Hún hjálpar þér að skilja hvernig tungumálið virkar og hvaða reglur eru í gildi. Ágæt þekking á málfræði gerir þig að betri málnotanda. Svona eins og þegar módelismiður setur saman flugvél. Hann vill alls ekki vera án leiðbeininga.



Skrifaðu Málfróði óformlegan tölvupóst. Segðu honum hvað þér finnst um að læra málfræði. Rökstyddu skoðun þína. Nefndu hvaða málfræðiatríði þú kannt vel nú þegar og hvaða atríði reynast þér strembin.





Jæja, fræið mitt, hér færðu lauflétt yfirlit yfir nokkra þætti málfraeðinnar. Ég lofa því að eftir lesturinn verður þú margs fróðari og mun upplýstari um hvernig íslenskan er samsett.

Allt byrjar þetta á hljóði eða bókstaf. Eins og þessum.

R Í **E** H L U R E I  
B S T G N **R** Þ

Raði maður stöfunum saman mynda þeir orð líkt og þetta:

**GRÍN**

Orðunum röðum við svo í málsgreinar: GRÍN HILDUR ER BEST.



Það er greinilegt hver sá um að velja stafina í þessa æfingu!

Búið til fleiri orð úr stöfunum!



Er þetta þá ekki komið?  
Bókstafir + orð = málsgrein.  
Þetta var rosalega einfalt.




Ekki alveg. Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna í viðbót. Sjáðu til, þegar við höfum búið til orð úr stöfunum þá eru þau oft flokkuð ... í orðflokka.

Orðflokkar í íslensku eru 11 talsins.

Stærstu flokkarnir eru nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þið hafið nú líklega heyrt á þá minnst.



Orðflokkunum er skipt niður í þrjá hópa.



Kíktu í vinnubókina. Þar finnur þú meira um orðflokka og færð að spreyta þig á ýmsum þrautum.



Allt í lagi, þetta er nú alls ekki svo flókið. Íslensk málfræði ...  
tjékk! Grínhildur útskrifuð!

Íslenska gæti svo sem alveg verið einfaldara tungumál.  
En hvað væri gaman við það?

Sama orðið getur til dæmis birst okkur  
á mismunandi hátt. Það breytist við  
fallbeygingu eða þegar breytt er úr  
eintölu í fleirtölu.

Gott dæmi er orðið **köttur**.

**köttur**

**kött**

**ketti**

**kattar**

**katta**

**kettir**

**ketti**

**köttum**

Í ensku er kötturinn  
auðveldari.  
cat – cats  
Líka á dönsku.  
kat – katte  
Hvernig haldið þið að  
útlendingum gangi að  
læra íslensku?

Finnið fleiri orð sem  
hafa mismunandi  
beygingarmyndir.



## Sá hluti sem breytist ekki þó orðið taki breytingum

kallast **stofn**. Svona finnur þú stofn orða:

**Stofn sterkra nafnorða** finnst í þolfalli, eintölu með hjálparorðinu *um*.

Sterk nafnorð enda alltaf á samhljóða.

Dæmi: um kött, um karl, um tafl, um skál, um fjörð

**Stofn veikra nafnorða** finnst með því að taka endinguna af orðinu í nefnifalli eintölu. Veik nafnorð enda á sérhljóða í öllum föllum eintölu.

Dæmi: kon-a, sím-i, næl-a, súp-a, boll-i

**Stofn sagnorða** finnst með því að setja orðið að fyrir framan sögnina.

Ef sagnorðið endar á a dettur a-ið út í stofni.

Dæmi: að skrif-a, að horf-a, að fá, að þvo

**Stofn lýsingarorða** finnst í kvenkyni, eintölu, nefnifalli með hjálparorðunum *hún* er.

Dæmi: hún er fyndin, hún er ill, hún er stutt.

Ja, það var nú reyndar eitt enn sem ég vildi nefna. Það varðar stofn orða.



Og hvenær í ósköpunum á ég eftir að nota þennan ... stofn orða, Málfróður?

**tapi**  
**tappi**

**boli**  
**bolli**

Nú til dæmis þegar þú ert að stafsetja. Ekki viltu skrifa kolvitlausan texta, Grínhildur? Sjáðu til dæmis orðin hol og holl. Það skiptir máli að þekkja stofninn hér til að vita hvort þú átt að skrifa eitt l eða tvö. Þú sérð alveg að merking orðanna er önnur, er það ekki?

**vegur**  
**veggur**



**hopa**  
**hoppa**

# Stafsetningarsjónaukinn

## Okkur til aðstoðar

Alltaf þegar við látum frá okkur texta reynum við að vanda okkur.

Við vöndum okkur með því að velja réttu orðin til að segja hlutina.


Við vöndum okkur að skrifa vel, ef textinn er handskrifaður.

Og við vöndum okkur að skrifa orðin rétt.

Hvað ef við erum ekki viss um hvernig eithvert orð er stafsett? Sem betur fer eru til ýmis hjálpartæki.

Augljóst er að við getum flett orðum upp í orðabók. En þær duga ekki einar sér.

Segjum sem svo að við séum í vandræðum með orðið *hleypur*. Við vitum ekki hvort það sé **i** eða **y** í orðinu. Þá hjálpar orðabókin okkur ekki. Á netinu er að finna vefsíðu sem sýnir rétta beygingarmyndir orða. Vefslóðin er: **malid.is** Hér er hægt er að fletta upp orðinu hleypur, haka við *leit að beygingarmynd* og smella á leita. Sé reynt að leita að orðinu hleypur með **i**, finnst ekkert.



**Beygingarlýsing íslensks nútímamáls**  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ritstjóri Krístín Bjarnadóttir

HEIM  
UM BIN  
UM BEYGINGARDÆMIN  
ORÐAFORDINN  
MÁLÆKNI OG GÖGN  
SPURNINGAR OG SVOR  
SKRAMBI  
VEFTRE  
ENGLISH

hlaupa Leita

Leita að beygingarmynd

**hlaupa** Sagnorð, sterk beyging

Athugið: Sögnin beygist bæði persónulega og ópersónulega.  
Dæmi um ópersónulega setningargerð:  
Það/hann hleypur í trim.  
Það hleypur í baklás.

Persónuleg notkun - Germynd  
Nafnháttur

að hlaupa

Framsöguháttur

Núðó	Eit.			Flet.					
	Et.	Ft.	Fl.	Et.	Ft.	Fl.			
1. pers.	ég	<b>hleyp</b>	við	<b>hlaupum</b>	1 pers	ég	<b>hjóp</b>	við	<b>hlupum</b>
2. pers.	þú	<b>hleypur</b>	þið	<b>hlaupið</b>	2 pers	þú	<b>hjópst</b>	þið	<b>hlupuð</b>
3. pers.	hann hún það	<b>hleypur</b>	þeir þær þau	<b>hlaupa</b>	3 pers	hann hún það	<b>hjóp</b>	þeir þær þau	<b>hlupu</b>

Hér sést að sagnorðið **hlaupa** er **hleypur** með **y**.

Þessa síðu er líka hægt að nota þegar við erum óviss með fallbeygingu orða, tíó sagnorða o.fl.






Skoðum hvernig vefsíðan nýtist okkur í fallbeygingu.

- Flettu upp nafnorðinu kýr og skoðaðu hvernig orðið er fallbeygt í eintölu og fleirtölu, með og án greinis.
- Flettu nú upp nafnorðinu lestur og skoðaðu hvernig orðið er fallbeygt í eintölu og fleirtölu, með og án greinis.

Önnur vefsíða, sem nýtist þegar við erum að skrifa texta, er *Skrambi*. Vefslóðin er: <http://skrambi.arnastofnun.is/>. Hér setjum við textann sem skoða þarf inn í auða rammann og veljum „villuleit“. Ef villa leynist í textanum kemur rautt strik undir orðið sem þarf að skoða. Sé smellt á orðið koma hugmyndir að leiðréttingum.




Að lokum er tilvalið að láta einhvern annan lesa yfir allan texta áður en hann er fullkláraður. Það er t.d. ekki svindl að fá eldri systkin, foreldri, fróða frænku eða snjallan frænda til að lesa yfir ritgerð áður en henni er skilað inn. Yfirlestur annarra er klárlega eitthvað sem á að nýta sér.



# Lestu PRÆLGÓÐAR PROSKASÖGUR

## Sölvasaga unglings



Höfundur: Arnar Már Arngrímsson

„Þegar ég las titilinn á bókinni hélt ég að þetta væri saga sem gerðist fyrir löngu en hún er alls ekki svoleiðis. Hún gerist í nútímanum á Austurlandi. Sölvi er unglingur og áhugalaus um flest nema kannski tölvur og rapp. Hann er sendur í sveitina til ömmu sinnar og gistir í herbergi pabba síns sem hefur ekkert breyst frá árinu 1985. Og hvað gerir ónettengdur unglingur þegar eina afbreytingin eru vinylplötur og bækur? Þessi bók kom mér ótrúlega mikið á óvart. Ég mæli með henni.“


Andrés 14 ára.

## Anna í Grænuhlíð

Höfundur: L.M. Montomery

„Uppáhaldsbókin mín! Ellefu ára munaðarlaus stelpa, Anna, er send í fóstur í Grænuhlíð til systkinanna Marillu og Matthíasar. Sögusviðið er Kanada í lok 19. aldar. Við fylgjum Önnu eftir þar sem hún fótar sig í nýjum heimkynnum. Hún er ótrúlega klár, elskar bækur og er með fjörugt ímyndunarafl. Bækurnar um Önnu eru átta talsins. Fyrsta bókin kom úr árið 1908 í Bandaríkjunum og hefur verið þýdd á ótalmörg tungumál. Hún nýtur enn mikilla vinsælda víða um heim. Lestu þessa ... og svo allar hinar líka!“

Olenka 12 ára




## Illur seiður – Norn er fædd


Höfundur: Carol Gardarson

„Þetta er uppvaxtarsaga Elísu. Hún er afkomandi íslenskra hjóna sem flytja til Kanada í lok 19. aldar. Móðir hennar villist á sléttunum með hana nýfædda. Til að bjarga lífi hennar gefur hún barninu blóð sitt að drekka. Elísa lifir af en er eftir þetta brennimerkt sem norn. Hún elst upp hjá góðu fólki en hættur leynast víða og saga Elísu er rétt að hefjast. Þetta er ótrúlega flott og spennandi saga og er fyrsta bókin af fjórum. Ég ætla að lesa þær allar.“

Halldór 14 ára.



## Forboðna borgin



Höfundur: William Bell

„Árið er 1989. Alex er sautján ára. Hann er í staddur í Kína með pabba sínum sem er fréttamaður. Alex nýtur lífsins og ævintýrlegs ferðalags. Dag einn er hann staddur með föður sínum í Peking, á Torgi hins himneska friðar. Þá gera kínverskir námsmenn uppreisn gegn kerfinu. Allt verður kolvitlaust og Axel verður viðskila við föður sinn. Hann verður að treysta á sjálfan sig og fólk sem hann hittir til að komast undan, með upptökur frá atburðunum. Sagan er byggð á sönnum atburðum. Frábær!“

Brynjar Óli 13 ára

Munið þið eftir fleiri bókum sem lýsa uppvexti eða lífi einhvers? Safnið saman hugmyndum á bókalista.

**Þroskasögur!**



Skiptið í fjóra hópa. Hver hópur les eina bók. Haldið bókaklúbb.

- Hóparnir sem lásu *Önnu í Grænuhlíð* og *Norn er fædd* eiga að hittast og bera saman bækur sínar. Margt er líkt með bókunum, bæði söguvið, tími og persónusköpun. Ræðið!
- Hóparnir sem lásu *Sölvasögu unglings* og *Forboðnu borgina* hittast og bera saman bækur sínar. Alex og Sölvi halda báðir á vit ævintýra. Hvað er líkt með persónum og hvað er ólíkt. Söguviðið gæti ekki verið ólíkara eða hvað? Ræðið!

# Malala Yousafzai er mögnuð fyrirmynd

Malala fæddist þann 12. júlí 1997.

Hún ólst upp í Swat-dalnum í Pakistan og átti lengst af ósköp áhyggjulausa æsku. Hún hlustaði á Justin Bieber, las Twilight-bækurnar og horfði á Masterchef í sjónvarpinu. Allt þar til átök brutust út milli pakistanska hersins og uppreisnarhreyfingar Talibana.

Talibanar náðu yfirráðum í Swat-dalnum og þeirra fyrsta verk var að banna sjónvarpsáhorf og tónlist og loka skólum á svæðinu.



**„Allir eiga rétt á menntun!  
Því þekking veitir frelsi og skilning á því  
hvað er rétt eða rangt.“**

**Malala Yousafzai**

# Talibanar skutu 14 ára skólastúlku í höfuðið.

9. október 2012

Faðir Malala, Ziauddin Yousafzai, rak skóla í heimalandinu. Hann er ákafur talsmaður menntunar og trúir því að öll börn eigi rétt á menntun. Þegar Talibanar reyndu að draga úr aðgangi að menntun og banna stúlkum að ganga í skóla neitaði Ziauddin að hlýða skipunum. Hann hélt skólanum opnum og kenndi nemendum sínum þrátt fyrir hótanir. Malala, sem alla tíð var alin upp við þá trú að menntun væri mannréttindi, tók einnig virkan þátt í baráttunni. Í heimalandi sínu talaði hún opin-skátt um óréttlætið og þá sérstaklega það að stúlkum væri bannað að mennta sig. Á þessum tíma fengu feðginin reglulega morðhótanir frá Talibanum.

Malala vakti fyrst heimsathygli aðeins 11 ára gömul þegar hún skrifaði dagbókar pistla á vef breska ríkisútvarpsins. Þar lýsti hún kúgun Talibanana og áhrifum þeirra á menntun og daglegt líf

barna í Swat-dalnum. Pistlarnir voru að sjálfsögðu skrifaðir undir dulnefni.

Dag einn í október var Malala á leið heim úr leynilegum skóla í heimabæ sínum ásamt nokkrum skólasysturum. Bíllinn sem þær óku í var stöðvaður af vopnuðum Talibanum sem hófu skot-hríð á stúlkurnar. Tvær stúlkur særðust alvarlega og hin fjórtán ára gamla Malala var skotin í höfuðið af stuttu færi.

**Ég veit hversu mikilvæg menntun er því pennarnir mínir og bækurnar voru teknar af mér með valdi."**

**Malala Yousafzai**

Það vildi Malala líklega til lífs að hún komst fljótt undir hendur breskra lækna sem voru staddir í nágrenninu. Þeir sáu til þess að hún var flutt til Bretlands þar sem hún gekkst undir mikla aðgerð á höfði sem bjargaði lífi hennar.



*Árið 2014 fékk Malala friðarverðlaun Nóbels, yngst allra. Baráttukonan notaði allt verðlaunaféð, um eina milljón Bandaríkjadala, til að stofna stúlnaskóla í Pakistan.*

Malala býr nú í Bretlandi ásamt fjölskyldu sinni. Ásamt föður sínum kom hún á fót samtökunum Malala Fund sem hafa það að markmiði að styðja við menntun stúlkna í heiminum. Milljónir stúlkna um allan heim hafa lítið eða ekkert aðgengi að menntun og í huga Malala er það óásættanleg staða.

## Bekkjarumræður

- Af hverju skrifaði Malala pistlana sína undir dulnefni?
- Hvað er átt við með að hún hafi verið í *leynilegum skóla*?
- Hversu miklum peningum (íslenskar krónur) varði Malala í uppbyggingu skóla í Pakistan?
- Menntun er mannréttindi. Hvað á Malala við?
- Hvaða ástæður geta hugsanlega legið á bak við það að börn fái ekki menntun?
- Hvaða aðstæður valda því að stúlkur fá ekki að mennta sig?



**Mannréttindi er réttur til frelsis, öryggis og jafnræðis óháð þjóð-erni, kynþætti, kyni, trú og skoðunum.**

**Forréttindi er aðstaða sem einhver hefur sem aðrir hafa ekki.**

# Skólanum hefur borist bréf!

**Fjarðarskóli**  
Aðalgötu 3  
905 Bröttuvík



Síminn hringir í skólastofunni og þið sjáið það strax á kennara ykkar að eitthvað uggvænlegt hefur gerst. Kennarinn reynir að sýna stillingu, skipar ykkur í raðir og fylgir ykkur inn á hátíðarsal skólans. Það er augljóst að allir nemendur hafa fengið sömu boð.

Skólastjórinn stendur í pontu, alvarlegur á svip og þerrar svita af enni.

Nemendur skilja allir alvarleikann og það er óvenjuleg ró yfir nemendahópnum. Skólastjórinn ræskir sig og hefur upp raust sína:

„Kæru nemendur.

Á tíunda tímanum í dag tóku ný yfirvöld við stjórnar-  
taumum landsins. Það hryggir mig mjög að þurfa að  
tilkynna ykkur efni bréfs sem var að berast frá þeim.  
Ó bréfinu er tilskipun um að frá og með morgundeginum  
muni eingöngu þeir nemendur sem fæddir eru í febrúar,  
maí, júní, september, nóvember og desember fá áfram-  
haldandi menntun. Þetta er gert í sparnaðarskygni.  
Aðrir nemendur þurfa nú þegar að yfirgefa skóla-  
bygginguna og skilja eftir öll námsgögn. Samhliða  
þessum breytingum verður ekki lengur hægt að komast  
á netið í landinu. Þeir lánsömu nemendur sem fá að  
halda áfram námi munu framvegis eingöngu læra  
stærðfræði, tungumál, handverk og íþróttir.“

Þegar hér er komið sögu hleypur tölvukennarinn út  
í tárur enda sonur hans fæddur í janúar og hann nú  
án atvinnu. Það ríkir grafarþögn meðal nemenda og  
enginn veit sín næstu skref.

Nokkrir dagar hafa liðið frá því að þið sátuð í hátíðarsal skólans.

## Hinir útvöldu

*Fæddir í febrúar, maí, júní, september, nóvember og desember.*

Tómlegt hefur verið í skólanum undanfarna daga.

Kennslustofurnar eru hálfstómar og aldrei barátta um vellina í frímínútum. Skólalóðin er umgirt með gaddavirsgirðingu.

Vinum hefur verið sundrað. Bekkir stokkaðir upp og fækkun hefur orðið á kennurum. Hinir útvöldu eiga að vera þakklátir. Þið fáið úrvals kennslu menntaðra kennara, aðstoð við heimanám og almennt meiri athygli frá starfsfólki skólans. Smátt og smátt rennur það upp fyrir ykkur að þið fáið tækifæri sem aðrir fá ekki. Þannig fáið þið **forskot** í lífinu.

Samt lædist að ykkur leiði og söknuður. Þið saknið vina og kennara og furðið ykkur á óréttlætinu sem vinir ykkar og fyrrverandi skólafélagar eru beittir. Hvað ætlið þið að gera?



## Hinir brottreknun

*Fæddir í janúar, mars, apríl, júlí, ágúst og október.*

Fyrstu dagarnir voru dásamlegir. Enginn skóli, engir kennarar að skipa ykkur fyrir og fullt af tíma til að sofa út, slaka á og njóta lífsins. Í fyrstu var netleysið stærsta vandamálið. Þegar dagarnir liðu varð aðgerðarleysið **þrúgandi**. Nú þyrstir ykkur í að hitta vini ykkar sem áfram fá að stunda nám. Þið saknið þess að glíma við krefjandi verkefni sem reyna á heilann. Þið sjáið fljótt að hinir útvöldu eru að fá forskot í lífinu. Menntun er ávísun á fjölbreyttari tækifæri og aukin **lífsgæði**. Þið fyllist reiði. Þetta er ekki sanngjarnt.

## Hvað ætlið þið að gera?

Í tæp sjö ár hafið þið fengið þjálfun í að tjá skoðanir og standa fyrir máli ykkar. Þið standið sterk í tungumálinu. Þið kunnið að skrifa, eruð góð í framsögn og búið yfir hugmyndaauðgi. Nú er komið að því að nýta verkfærin sem skólinn hefur gefið ykkur. Þið þurfið að berjast fyrir rétti til náms.

**Kiaktu í vinnubók á bls. 88**

## Heimildarmynd



1. Ákveðið hópastærðir innan hvors flokks (hinir útvöldu og hinir brottreknu).  
Hvor hópur kynnr sér vel vefsíðuna *Margmiðlun* sem þið finnið inni á heimasíðu Mennamálastofnunar ([www.mms.is](http://www.mms.is)) með því að nota leitina. Inn á síðunni veljið þið *Kvikmyndagerð*. Skoðið myndbönd sem tengjast gerð heimildarmynda, handrita og söguborða. Mörg önnur gagnleg myndbönd er að finna á vefnum t.d. um hljóð á tókustað, ljós og lýsingu, klippingu og annað.
2. Hvor hópur fyrir sig vinnur mynd sem lýsir sínu **hlutskipti**. Veljið a.m.k. sex af eftirfarandi verkefnum til að hafa í myndinni ykkar.
  - Stutt útskýring á því sem gerst hefur.
  - Fréttaskot um hvernig lífið er fyrir nemendur eftir breytingu, séð með augum ykkar flokks.
  - Berið saman lífið fyrir og eftir tilskipunina.
  - Viðtal við kennara sem annaðhvort varð eftir eða missti starfið.
  - Viðtal við nemanda sem tilheyrir þínum flokki.
  - Viðtal við ráðamann í nýju stjórninni.
  - Viðtal við skólastjórnanda.
  - Fólkið á götunni. Hvað hefur það að segja um þetta fyrirkomulag?
  - Framtíðarsýn. Hvernig samfélag mun byggjast upp?
  - Aðrar hugmyndir sem hópurinn fær.
3. Skiptið með ykkur verkum og semjið handrit að heimildarmyndinni.
4. Teiknið upp **söguborð**.
5. Takið myndina upp. Hugðið að hljóði og lýsingu.
6. Klippið myndina.
7. Frumsýnið!



## Málfundur



Nýja stjórnin hefur boðað til málfundar á Alþingi vegna gagnrýni almennings á sparnaðaraðgerðir í skólakerfinu.

### Umræðuefnið er:

Eru breytingarnar til góðs eða illis?

Hér fá hinir útvöldu og hinir brottreknu tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri við nýju stjórnina.

### Undirbúið ykkur fyrir málfund

1. Finnið sex góð rök sem styðja málstað ykkar.
2. Semjið formlega ræðu þar sem skoðanir ykkar eru settar fram og rökstuddar.
3. Farið vel yfir textann. Athugið málfar og útrýmið villum.
4. Veljið framsögumenn úr ykkar flokki til að tala máli ykkar á fundinum.
5. Setjið málfundinn á svið. Kennari er fulltrúi nýju stjórnarinnar og gæti jafnvel andmælt orðum ykkar eða komið með mótrök.
6. Hver er niðurstaða fundarins?

**„Menntun er  
öflugasta vopnið  
sem við höfum  
til að bæta  
heiminn.“**


*Nelson Mandela*

**„Menntun er vegabréf  
okkar til framtíðar.  
Því morgundagurinn tilheyrir þeim  
sem undirbúa sig í dag.“**

*Malcolm X*

**„ÉG HVET YKKUR TIL AÐ STÍGA FRAM,  
VERA SÝNILEG OG SPYRJA YKKUR ...  
EF EKKI ÉG, ÞÁ HVER?  
EF EKKI NÚNA, ÞÁ HVENÆR?“**

*EMMA WATSON*



# Upprifjun

## Um stóran og lítinn staf

Við skrifum stóran staf:

- **í upphafi málsgreina:**  
Einu sinni var ...
- **í sérnöfnum:** Markús, Nína, Snati og Dimma
- **í nöfnum á löndum, örnefnum, stöðum og götum:** Ísland, Tindastóll, Þingvellir, Silfurgata
- **í þjóðaheitum:** Íslendingar, Bretar, Víetnamar
- **í nöfnum fyrirtækja, fréttablaða og félaga**
- **þegar við skeytum orði framan við sérnafn:**  
Langi-Mangi, Tyrkja-Gudda

Við skrifum lítinn staf í heitum:

- **ðaga:** laugardagur, sunnudagur
- **mánaða:** júlí, september
- **hátíða:** páskar, jól, hvítasunna
- **námsgreina:** íþróttir, samfélagsfræði
- **í tungumálaheitum:** íslenska, enska, danska, þýska
- **í viðurnefnum:** Leifur heppni, Auður djúpúðga

### Einfaldur eða tvöfaldur samhljóði

Þegar tveir samhljóðar standa hlið við hlið kallast það **tvöfaldur samhljóði**.

**Dæmi:** kyssa, hoppa, ekki, uppi,

Oft getur reynst erfitt að vita hvort skrifa eigi einfaldan eða tvöfaldan samhljóða.

Þá er gott að huga að framburði.

Sérhljóðar  
a, á, e, é, i, í, o, u, ú, y, ý, ö  
Samhljóðar  
b, d, ð, f, g, h, j, k, l, m, n, p,  
r, s, t, v, x, þ

Á undan tvöföldum samhljóða er stutt sérhljóð, t.d. veggur, takka, kalla.

Á undan einföldum samhljóða er langt sérhljóð, t.d. vegur, taka, kala.

## Reglan um ng og nk

Á undan ng og nk er skrifaður **grannur sérhljóði** þótt framburður gefi annað til kynna.

**Dæmi:** banki, fangi, drengur, engi, spöng, þungur, syngja

Á reglunni eru þó nokkrar undantekningar. Skrifa skal ó og æ í samræmi við framburð.

**Dæmi:** frænka, kónguló, vængur, kóngur

Grannir sérhljóðar

a, e, i, o, u, y, ö

Breiðir sérhljóðar

au, á, í, ei, ey, ý, ó, ú, æ

## N og NN í endingu orða

### Minn og mín reglan

Oft er erfitt að vita hvort skrifa á N eða NN í endingu orða. Þá er heppilegt að kunna **minn** og **mín** regluna.

Reglan er einföld. Hjálparorðunum **minn** og **mín** er bætt aftan við orð.

Ef hjálparorðið ber NN þá gildir það sama um orðið.

Ef hjálparorðið ber N þá á hið sama við um orðið.

Dæmi: skólinn **minn**, taskan **mín**, pakkarnir **mínir**, bækurnar **mínar**.

mín (í - hljóð) = n  
minn (i - hljóð) = nn

Hjálparorðin beygjast í föllum líkt og nafnorð.

	ET	Ft
nf.	mín	mínar
þf.	mína	mínar
þgf.	minni	mínum
ef.	minnar	minna
.....		
nf.	minn	mínir
þf.	minn	mína
þgf.	mínum	mínum
ef.	míns	minna

## Steins-reglan

Karlkynsorð sem enda á **-inn** eða **-unn** í nefnifalli eintölu eru skrifuð með einu **n** í öðrum föllum.

Dæmi um orð sem enda á **-inn**: Héðinn, Kristinn, himinn, drottinn, Óðinn, Þórarinn.

Dæmi um orð sem enda á **-unn**: morgunn, jötunn.

nefnifall	Óð <b>inn</b>	him <b>inn</b>	morgu <b>nn</b>
þolfall	Óð <b>in</b>	him <b>in</b>	morgu <b>n</b>
þágufall	Óð <b>ni</b>	him <b>ni</b>	morgu <b>ni</b>
eignarfall	Óð <b>ins</b>	him <b>ins</b>	morgu <b>ns</b>

## UNN-orðin (Einkunnarreglan)

Kvenkynsorð sem enda á **-unn** eru alltaf skrifuð með **-nn**.

Ingunn, Þórunn, Dýrunn, Sæunn, Iðunn, Ljótunn, Jórunn, Steinunn, einkunn, miskunn, vorkunn, forkunn.

	eintala	fleirtala			
<b>nefnifall</b>	einku <b>nn</b>	einku <b>nn</b> ir	Steinu <b>nn</b>	Sæu <b>nn</b>	Iðu <b>nn</b>
<b>þolfall</b>	einku <b>nn</b>	einku <b>nn</b> ir	Steinu <b>nni</b>	Sæu <b>nni</b>	Iðu <b>nni</b>
<b>þágufall</b>	einku <b>nn</b>	einku <b>nn</b> um	Steinu <b>nni</b>	Sæu <b>nni</b>	Iðu <b>nni</b>
<b>eignarfall</b>	einku <b>nn</b> ar	einku <b>nn</b> a	Steinu <b>nn</b> ar	Sæu <b>nn</b> ar	Iðu <b>nn</b> ar

## UN-orðin

### Sagnorð verður kvenkyns nafnorð

Mörg kvenkynsnafnorð sem mynduð eru úr sagnorðum enda á -un.  
Þau skal alltaf skrifa með einu n.

Að rita = **ritun**, að undra = **undrun**, að opna = **opnun**.

nefnifall	ritun	undrun	opnun
þolfall	ritun	undrun	opnun
þágufall	ritun	undrun	opnun
eignarfall	ritunar	undrunar	opnunar

## Hv- og kv- orð

Flestir bera stafina hv- og kv- fram á sama hátt og segja kv-. Það getur þó valdið misskilningi því sum orð hafa mismunandi merkingu eftir því hvort þau eru skrifuð með hv- eða kv.

**Dæmi:** hvalir og kvalir

Öll spurnarorð eru  
skrifuð með hv.

Hvað, hvaða,  
hvaðan, hvar,  
hvenær, hver,  
hvernig,  
hversu,  
hve, hví,  
hvílíkur,  
hvort.



## Að leiðarlokum

Allt gott  
tekur enda  
um síðir.

Með trega og söknuði í hjarta þarf ég  
nú að kveðja þig, kæri lestrarlæringur.  
En ég geng stoltur frá verki, því ég hef  
fylgst með þér þroskast og eflast á  
undanförnum árum.



Þú hefur breyst úr  
græðlingi í laufgað  
birki.



Lækjarsprænan hefur breyst í  
stórfljót. Ég er þess fullviss að  
þú munir verða virkur unglingur  
í samfélaginu, öflugur málsvari  
tungumálsins og riddari...



...á ritvellingum.  
Íslensk tunga  
er í góðum höndum.

Voff,  
voff voff





Jæja, elskan mín.  
Orðspori er lokið!  
Líklega munt þú seint  
opna aðra eins eðalbók.  
Ekki gleyma að menntun  
er öflugt vopn... nei eða ég  
meina sko... ummm, menntun  
er vegabréf inn í framtíðina.  
Svo ekki gleyma vegabréfinu  
heima!



Ég vona að þú munir eftir  
öllu sem ég hef lagt á vogar-  
skálarnar til að gera þig að  
snillingi.




Gefðu allt sem þú átt því  
draumurinn getur ræst!  
Þú þarft að reyna á þig því  
sá sigur er sætastur sem þú  
átt skilið! Já, ekkert  
án erfiðis fæst.



Mér líst vel á hana.  
Ég ætla að gera hana að penna-  
vini mínum. Hvaða tungumál  
skildi hún tala. Ég þarf að dusta  
rykið af erlendskunni.  
Ókei, bæ!

Ég veit að það er erfitt að  
kveðja. En ég verð að fara.  
Ég þarf að setjast niður og  
skrifa langan tölvupóst til  
hennar Mallöllu.



Grínhildur!!!  
Það er betra að segja:  
Verið þið margblessuð  
og sæl.  
Sæl að sinni.  
Takk fyrir samveruna.  
Bless!

## Heimildir

- Bryndís Björgvinsdóttir, Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson. 2015. *Leitin að tilgangi unglingsins*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Einar Georg Einarsson. 2012. Leyndarmál. *Dýrð í dauðapögn*.
- Elva Gísladóttir, Hólmfríður Þorgeirsdóttir. 2014. *Leiðbeiningar um hollt og gott nesti*. Embætti landlæknis. www.landlaeknir.is Sótt 13. maí 2016
- Guðrún Kvaran. „*Af hverju er y í íslensku en ekki bara venjulegt í?*“ Vísindavefurinn, 4. júlí 2001. Sótt 24. mars 2017. <http://visindavefur.is/svar.php?id=1766>
- Gunnar Helgason. 2015. *Mamma klikk*. Forlagið, Reykjavík.
- Philip Pullman. 2015. *Grimmsævintýri fyrir unga og gamla*. Mál og menning. Reykjavík.
- Steinar Bragi. 1998. *Svarthol*. Nýkur. Reykjavík.
- Sverrir Jakobsson. „*Hvað merkir orðið Evrópa?*“ Vísindavefurinn, 18. október 2013. Sótt 28. maí 2016.
- Theódóra Thoroddsen. *Tunglið, tunglið taktu mig*. <http://textar.midja.is/textar/> Sótt 15. maí 2016
- Þjóðminjasafn Íslands. *Gripur mánaðarins / Álfapotturinn*  
<http://www.thjodminjasafn.is/syningar/sersyningar/gripur-manadarins/nr/4481> Sótt 25.04.2016  
Höfundur: Steinunn Guðmundsdóttir
- Þjóðminjasafn Íslands. *Gripur mánaðarins / Kistill*  
<http://www.thjodminjasafn.is/syningar/sersyningar/gripur-manadarins/nr/4779> Sótt 24.04.2016
- Þjóðminjasafn Íslands. *Gripur mánaðarins / Þórslíkneski*  
<http://www.thjodminjasafn.is/syningar/grunnsyningar/lykilgripir/nr/2285> Sótt 24.04.2016

## Myndalisti

### Teikningar og ljósmyndir:

- Bls. 6, 13, 16, 20, 22, 23, 36, 37, 38, 46, 63, 76, 79, 80–81, 87, 90, 93, 94–95, 97, 100, 106, 108, 110–111, 112, Shutterstock
- Bls. 30 Mbl, ljósmyndari: Kjartan Þorbjörnsson
- Bls. 39 wikimedia.org, styttn er á Þjóðminjasafni Íslands
- Bls. 40 og 42 Þjóðminjasafnið
- Bls. 41 efri: skjáskot mbl. Neðri: Þjóðminjasafnið, ljósm: Ívar Brynjólfsson
- Bls. 42 wikipedia.org
- Bls. 45 www.flickr.com. Ljósmyndari Sólveig Zophoníasdóttir
- Bls. 47 © Square Enix
- Bls. 54 t.v. wikimedia.org, t.h. mbl, ljósmyndari: Styrmir Kári
- Bls. 55 t.v. wikipedia.org, þýska þjóðminjasafnið, t.h. wikimedia.org, Louvre safnið
- Bls. 61 Tákn fengið af vefsíðu Veðurstofu Íslands
- Bls. 64 Ljósmyndari Baldur Kristjánsson
- Bls. 79 wikipedia.org
- Bls. 102 Fengið af www.malid.is
- 107 Nordic photos
- Bókakápur á bls. 24–25, 32–33, 52–53, 68–69, 75, 78, 82–83, 104–105 eru birtar með leyfi útgefenda.

# ORÐSPOR 3

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-2125-4

© 2017 Höfundar og réttihafar texta

© 2017 Ása Marin Hafsteinsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2017 Teikningar: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Ragnar Ingi Aðalsteinsson samdi vísurnar á bls. 84.

Lista yfir höfunda, réttihafa texta og ljósmynda er að finna aftast í bókinni.

Ritstjórar: Arna Guðríður Sigurðardóttir og Sigríður Wöhler

Faglegur yfirlstur: Edda Pétursdóttir grunnskólakennari,

Finnur Friðriksson, Ph.D. Dósent HA.

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2017

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.



Talaðu!

Hlustaðu!

Lestu!

# ORÐSPOR

3

Íslenska fyrir miðstig grunnskóla

Ágæti nemandi

Allt er þegar þrennt er. Ný bók í flokknum Orðspor, bara fyrir þig! Áfram er unnið með framsögn, lestur og læsi. Að auki bætist jafnt og þétt við kunnáttu þína í málfræði. Ef þú leggur þig fram um að lesa, skilja, þjálfra og ræða um það sem stendur í bókinni munt þú njóta þess um aldur og ævi.

Þú ferð í framsagnarskóla Grínhildar, lærir ljóðaslamm, kynnist fornleifafræði, lest um læsi, rifjar upp ævintýri og fræðist um málsnið. Þú grúskar í mismunandi textagerðum og eflist í lestri og ritun. Þú þjálfast í að taka rökstudda afstöðu, rökræðir við bekkjarfélagana og saman komist þið að mála- miðlunum.

Megi máttur tungumálsins ávallt vera með þér!

Orðspor er heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig.

Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir, báðar með langa reynslu af kennslu í grunnskólum. Þar að auki eru þær rithöfundar og hafa skrifað fyrir börn og fullorðna, ljóð og skáldsögur.

ISBN 978-9979-0-2138-4



9 789979 021384

40109

m

MENNTAMÁLASTOFNUN

